



Hafþís Sigurðardóttir
**SVEITASTELPA SEM
NEITAR AÐ GEFAST UPP** ▶ 38

**HIN MÖRGU LÍF
ÓLAFÍU HRANNAR**
▶ 28



NÚ Í FULLUM GANGI
Í PERLUNNI

FRÁ 18. OKT.
TIL 10. NÓV.

**ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG
MYNDBANDAMARKAÐURINN**

OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ 11 TIL 18

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
26. október 2013
252. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt örnefniáskránni Laugavegi 10, janúar - mars 2014



„ÞAÐ ÞJÓNAR
AFSKAPLEGA
LITLUM TILGANGI
AÐ VERA REIÐUR

ENDURKOMA HANNESAR

Hannes Smárason segist skulda íslensku þjóðinni afsökunarbeiðni en viðskiptasaga hans eigi samt ekki að koma í veg fyrir að hann stýri sprotafyrirtæki í Bandaríkjunum. ▶ 24

MYND/RICHARD PAISLEY



**SÓLÓPLATA Á ÁTTRÆDIS-
ALDRI** Söngkonan Helena Eyjólfsdóttir hefur sungið í 60 ár. Í vikunni kom út bók um ævi hennar, ást og söng. ▶ 34



**DAUÐADANS
AÚÐAR OG SNORRA**
▶ 74

SÍGAUNAR, SAGDI PABBI

Illugi Jökulsson skrifar um mál mála-anna; stöðu Rómafólks í heiminum. ▶ 40



BARNAFATNAÐUR

VERÐDÆMI:
BOLIR: frá kr. 1.490
PILS: frá kr. 2.490
BUXUR: frá kr. 2.990
KJÓLAR: frá kr. 4.990

next
KRINGLUNNI • SÍMI 551 3200

**5 dagar
í Hrekkjavöku**

Hryllilegt úrval
af hræðilegum
vörum!

PARTY BÚÐIN
ALLT FYRIR VEISLUNA

Faxafeni 11 • sími 534 0534

**VÍSINDADAGAR
VATN - FLJÓTANDI UNÐUR**

15.-29. OKT.

SMÁRALIND
Góða skemmtun

VARKÁR Í NJÓSNAMÁLI 10

Leiðtogar Evrópusambandsríkja vilja ekki spilla samskiptunum við Bandaríkin, þrátt fyrir viðtækar njósnir bandarísku leyniþjónustunnar um þá sjálfa.

PLATAÐUR Í FJÁRKÚGUN 4

Annar manna sem ákærðir eru fyrir að reyna að kúga fé út úr Nóa Síriusi með súkkulaði sem innihélt bremsuvökva segir hinn maðinn hafa platað sig upp úr skónum.

SKIPULÖGÐ ÚT 8

Bæjarstjórn Kópavogs leggur niður stöðu sviðsstjóra sérstakra verkefna sem Guðrún Pálsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri, hefur gegnt.



SKOÐUN 16→18

NÆST ER AÐ ÉTA ÚTSÆÐIÐ 16

Þorsteinn Pálsson um efnahagsmál.

ERU SKAPANDI GREINAR RÉTTLAUSAR? 18

Ari Edwald um þjófnað á hugverkum.

UM VÍSINDARANNSÓKNIR OG FJÁRFESTINGAR 18

Kristján Leósson um stuðning við rannsóknastörf.

FÆRUM VINÁTTU KÍNA OG ÍSLANDS Í HÆRRI HÆÐIR 18

Ma Jisheng um samskipti Kína og Íslands.



HELGIN 20→42

BJÓÐA UPP Á VALKOST 20

Ólafur og Stefán Ingi Stefánssynir bjóða gestum og gangandi upp á sojakjötúpu á Kjötspúdeginum á Skólavörðustíg.

GOTT AÐ HORFA Á GULLNU SKÝIN 28

Helena Eyjólfsdóttir heldur tónleika norðan og sunnan heiða í tilefni af útgáfu bókarinnar Gullin ský sem snýst um ævi hennar, ást og söng en líka erfiðleika vegna veikinda eiginmannsins.

PAR SEM MJÁ ER AÐALMÁLIÐ 32

Í Kattholti við Stangarhyl er athvarf fyrir kislulörur sem hafa lent á vengangi en líka hótel sem ábyrgir kattaeigendur koma sínum kisu á, meðan þeir skreppa í frí.

EITT SÍMTAL OG ÚR VARD STJARNNA 34

Frjálsíþróttakonan Hafdís Sigurðardóttir hefur þurft að hafa mikið fyrir afrekum sínum.

BLÁSKJÁR ENN Á FERÐ 40

Illugi Jökullsson var sjö ára þegar hann sá vagnalest Rómavalds á ferð í Grikklandi og það hafði djúp áhrif á hann. Nýlegar fréttir af bláeygu barni rifjuðu líka upp minningu um gamla barnabók.



MENNING 56→74



FJÖRUGUR EGILL 62

Egill Ólafsson varð sextugur á árinu. Fréttablaðið leit yfir fjórutíu ára feril hans.

SÝNA DAUÐADANS Í MEXÍKÓ 74

Listamennirnir Snorri Ásmundsson og Auður Ómarsdóttir sýna gjörninginn á degi hinna dauðu í Mexíkó.

SPORT 66

LOKS HEILL HEILSU

Arnór Atlason er búinn að jafna sig á hásinarslitum og puttabroti. Honum líkar vel í Frakklandi.

EL CLASICO

Eftir átta mánaða bið mætast Messi og Ronaldo á vellinum.



FIMM Í FRÉTTUM FRAMBOÐ OG AUÐLEGÐARSKATTUR



„Stálfrúin“ Guðrún Helga Lárusdóttir tapaði máli gegn Íslenska ríkinu í Héraðsdómi Reykjavíkur. Guðrún krafði Íslenska ríkið um endurgreiðslu á 36 milljónum króna sem hún greiddi í auðlegðarskatt á árunum 2010 til 2012. Hún byggði kröfu sína á því að auðlegðarskatturinn bryti í bága við eignarréttar- og jafnræðisákvæði stjórnarskrárinnar og væri auk þess í andstöðu við mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna.



Ingibjörg Benediksdóttir hæstaréttardómari hefur þrisvar á árinu verið ósammála því að snúa kynferðisbrotadómi í sýknu í Hæstarétti, nú síðast í máli þar sem maður var sýknaður af kynferðisbroti gegn 14 til 15 ára dreng. Ingibjörg sagði í séráliti í Hæstarétti að það mætti ekki meta brotapolanum það í óhag að hafa ekki kært brotin fyrir en löngu eftir að þau áttu sér stað.



Nýr formaður Öryrkjabandalagsins ætlar að breyta ímynd þess. Ellen J. Calmon ætlar að þetta hóp aðildarfélaga bandalagsins og breyta baráttuáferðum. Hún segist standa fyrir samræðu og samvinnu og telur að formaður ÖBÍ eigi að stuðla að samvinnu aðildarfélaganna.



Ástandið á Landspítalanum hefur ekki verið jafn alvarlegt í fjóra áratugi og það er nú segir Tómas Guðbjartsson prófessor í skurðlækningum. Hann sagði að ástandið á krabbameinsdeildinni væri sérlega slæmt, einungis fjórir læknar við störf og löng bið eftir fyrsta viðtali við lækni.

→ Hildur Sverrisdóttir lögfræðingur hefur ákveðið að blanda sér í oddvitaslaginn hjá sjálfstæðismönnum í Reykjavíkurborg. Hún er sú fjórða sem sækist eftir fyrsta sætinu hjá flokknum. Hildur segir aðkallandi að bjóða upp á nýja nálgun fyrir Sjálfstæðisflokkinn í borginni. Hildur hefur verið á varamannabekknun lengst af á kjörtímabilinu en tók sæti Gísla Marteins Baldurssonar þegar hann hvarf til annarra starfa fyrir í haust.



Lesi í bein rostunga í leit að skýringum

Náttúruminjasafn Íslands stendur fyrir rannsókn á beinum rostunga sem fundist hafa á Íslandi. Aldursgreining mun skýra komur þeirra í gegnum aldirnar. Safninu hafa borist að gjöf bein úr einstökum fundi í Staðarsveit á Snæfellsnesi.

MENNING Náttúruminjasafn Íslands efnir til sérstakrar rannsóknar til að varpa ljósi á endurtekna fundi rostungs- og hvalabeina í fjörunni í Staðarsveit á Snæfellsnesi. Undirbyggjandi er kenning um að frægir taflmenn, skornir úr rostungstönnun, eigi sér íslenskan uppruna.

Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður Náttúruminjasafnsins, vísar til þess hversu sérstakt það er að þrjár hauskúpur rostunga fundust með skömmu millibili í fjörunni í landi Barðastaða í Staðarsveit. Um einstakan fund sé í raun að ræða, en Náttúruminjasafnið fékk í gær eina af hauskúpunum þremur að gjöf.

Hilmar segir að gjöfin gefi inn-sýn í það sem kemur til greina á sýningu safnsins í framtíðinni. Í gagnagrunni eru upplýsingar um rúmlega 50 beinafundu rostunga, og er elsta sýnið frá 1884. „Það stendur til að fara í aldursgreiningu á stórum hluta þessara beina. Það mun bregða nýju ljósi á þessa fundi og komur þessara stóru og áhugaverðu dýra í gegnum aldirnar.“ segir Hilmar.

Fréttablaðið sagði frá beinafundinum í mars, en það var Örn Erlendsson, forstjóri Triton, sem fann hausana þrjá og stakar rostungstennur í fjörunni við sumarhús sitt í apríl 2008. Í viðtali við Fréttablaðið sagði Örn frá því að hann hefði sóst eftir því að gripirnir væru rannsakaðir sem ekki skilaði árangri á þeim tíma.

„Þetta er mjög athyglisvert, þ.e. margir fundir af þessum toga á sama stað,“ segir Hilmar og bætir við að þetta vilji safnið láta kanna betur. „Því verður efnt til rannsóknar undir forystu Náttúru-



DÝRGRIPUR Guðmundur G. Þórarinnsson, verkfræðingur og fyrrverandi alþingismaður, færði ní hauskúpuna að gjöf í gær. Örn Erlendsson, sem fann gripinn, er hér með Guðmundi og Hilmar J. Malmquist, forstöðumanni NÍ, þegar hún var afhent.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Umdeild kenning um íslenskan uppruna

Á spýttunni hangir einnig kenning Guðmundar G. Þórarinnssonar um að elstu taflmenn heims með nútímaútlit, Lewis-taflmennirnir, séu íslenskir að uppruna. Taflmennirnir fundust árið 1831 á skosku eyjunni Lewis. Þeir eru flestir skornir úr rostungstönnun og taldir gerðir á árabílinu 1150 til 1200. Taflmennirnir eru taldir meðal merkustu forn-gripa í eigu Breska þjóðminjasafnsins.



minjasafnsins með það fyrir augum að reyna að varpa ljósi á tilurð þessara sjávarspendýrabeina og forsögu. Aldur beinanna verður m.a. ákvarðaður með C-14 aldursgreiningu, jarðfræði fundarstaðarins rannsökuð, spáð í strandgrunn og hafstrauma og kafað í sögulegar

heimildir.“

Ráðgert er að rannsóknarverkefnið verði að hluta til á konnu meistaranema við Jarðvísindadeild Háskóla Íslands en auk HÍ koma að verkefninu Náttúrufræðistofnun Íslands og Fornleifafræðistofan.

svavar@frettabladid.is

Samkomulag um innanlandsflugið var undirritað í Hörpu í gær:

Völlurinn í Vatnsmýri til 2022

SAMGÖNGUR Fulltrúar ríkisstjórnar, Reykjavíkurborgar og Icelandair Group skrifuðu í gær undir samkomulag þess efnis að Reykjavíkflugvöllur yrði starfræktur í Vatnsmýrinni í núverandi mynd til ársins 2022. Einnig var samið um að hefja vinnu við að fullkanna aðra kosti fyrir framtíðarstaðsetningu flugvallar á höfuðborgarsvæðinu. Stofn-

auður verður stýrihópur undir formennsku Rögnu Árnadóttur en hún er sameiginlegur fulltrúi þeirra þriggja aðila sem að samkomulaginu standa. Til þeirrar vinnu verða boðnir hagsmunaaðilar á svæðinu auk fulltrúa þeirra sem hafa beitt sér fyrir því að flugvöllurinn í Vatnsmýri verði áfram eða ekki.

Jón Gnarr borgarstjóri Reykja-

víkurborgar var vant við látinn þegar blaðamaður hafði samband en aðstoðarmaður hans, Sigurður Björn Blöndal, vísaði á Dag B. Eggertsson, formann borgarráðs. „Ég held að þetta sé góð lausn. Með þessu erum við að færa málið úr þeim skotgröfum sem það hefur verið í undanfarið í lausnarmiðaðri farveg.“

-ka

Fíkjubitar

35%
gráafikjur

NÝTT

góðgæti frá Frón

www.fronkex.is

kemur við sögu á hverjum degi

GILDIR 25.10.13 - 28.10.13

TAX FREE



AF ÖLLUM VÖRUM
ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

**KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!**



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM.
TAX FREE TILBOÐ
JAFNGILDIR **20.32%**
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN
ER Á KOSTNAÐ
RÚMFATALAGERSINS.
VIRÐISAUKA ER AÐ
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ
TIL RÍKISSJÓÐS.


RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

19.10.2013 → 25.10.2013

100 Vitað er með vissu um yfir 100 fjölskyldur hér á landi sem hafa á fáum árum þurft að yfirgefa heimili sín vegna myglu-svepps. Líkur eru á að þær fjölskyldur sem hafa þurft að grípa til þessa örþrifaráðs séu miklu fleiri. Tugir fjölskyldna hafa ekki snúið til baka.




10 voru dæmdir til að greiða 100.000 króna sekt fyrir vændiskaup í Héraðsdómi Reykjaness á fimmtudag.



56% fólks undir þrítugu hafa íhugað að flytja frá Íslandi á síðustu mánuðum, samkvæmt skoðanakönnun MMR.



56 lönd hafa keypt sýningarreittinn að hryllingsmyndinni Frost.



1700 skuldarar eiga fangelsi yfir höfði sér. Af þeim 3.162 einstaklingum, sem eiga fyrirbyggjandi ákvörðun um afplánun vararefinga á hendur sér vegna sekta eða sakarkostnaðar, á tæplega helmingur von á að verða færður til afplánunar án frekari fyrirvara.



300 ára gamalt selló fylgir bandaríska tónlistarmanninum Mark Lanegan til Íslands. Evróputónleikaferð hans endar hér á landi með tvennum tónleikum í Fríkirkjunni.



565 nefndir eru starfandi á vegum ráðuneytanna eða stofnana þeirra.

3455 einstaklingar eiga í þeim sæti.



KOMNIR Á PURRT LAND Hluti flóttamanna, sem Ítalir björguðu í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Ekkert samkomulag ESB-leiðtoga um flóttamannabáta: Sjö hundruð bjargað úr hafinu

ÍTALÍA, AP Meðan leiðtogar Evrópusambandsins ræddu málefni flóttamanna á tveggja daga fundarhöldum sínum í Brussel björguðu Ítalir meira en 700 flóttamönnum af fimm yfirfullum bátum á Miðjarðarhafinu. Leiðtogar ESB-ríkjanna höfðu einsett sér að finna lausnir á flóttamannavandanum í Miðjarðarhafi eftir að um 365 flóttamenn drukkuðu þann 3. október síðastliðinn þegar yfirfullum báti þeirra hvolfði út af eyjunni Lampedusa.

„Við ræddum lengi um innflytjendamál,“ sagði Angela Merkel Þýskalandskanslari í Brussel í gær. „Við lýstum öll mikilli hryggð vegna atburðanna sem við þurftum að horfa upp á út af Lampedusa.“

Nicolas Berger, starfsmaður mannréttindasamtakanna Amnesty International, harmar hins vegar aðgerðarleysi leiðtoga. -gb

Gæslan á Miðjarðarhafi: Hafa fundið yfir 100 manns

ÖRYGGISMÁL Sif, flugvél Landhelgisgæslunnar, hefur frá byrjun októbermánaðar fundið flóttamannabáta á Miðjarðarhafi með rúmlega hundrad manns innanborðs. Þeim var öllum bjargað. Björgun fólksins kemur til af samstarfi Gæslunnar við Landamæraflokk Evrópusambandsins (FRONTEX) við landamæraeftirlit. Frá byrjun aðgerðarinnar í vor hefur 3.100 flóttamönnum verið bjargað í aðgerðum á sjó.

Í eftirlitsflugi Sifjar hefur áhöfnin einnig komið auga á grunnsamlega báta sem hafa verið tilkynntir til stjórnsýslu vegna gruns um fíkniefnasmygl. -shá

Lögreglan rannsakar mál: Skemmdarverk á Suðurnesjum

LÖGGÆSLA Skemmdir voru unnar á björgunarsveitarbíl í Grindavík í vikunni, Frambretti bílsins var beyglað. Þá var lögreglunni á Suðurnesjum tilkynnt að afturrúður hefðu verið brotnar í tveimur bifreiðum í Keflavík.

Einnig bærust lögreglu tilkynningar um að farið hefði verið inn í fjórar bifreiðir í umdæminu. Úr einni þeirra var stolið veski með um fimmtán þúsund krónum í reiðufé. Veskið fannst svo hrímað í runna og var þá búið að tæma það. Lögregla rannsakar málin. -jme

Nóa Sírius-kúgunin sögð aumkunarverð

Saksóknari krefst tíu til tólf mánaða fangelsis, aðallega skilorðsbundins, yfir mönnum sem reyndu að kúga fé út úr Nóa Síriusi með súkkulaði sem innihélt bremsuvökva. Annar segir raunverulegan höfuðpaur málsins hafa platað sig upp úr skónum.

DÓMSMÁL Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari krafðist í gær tíu til tólf mánaða fangelsisdóma yfir tveimur ungum mönnum sem ákærðir eru fyrir að reyna að kúga tíu milljónir króna út úr sælgætisframleiðandanum Nóa Síriusi í ársbyrjun í fyrra. Taldi hann rétt að skilorðsbinda refsinguna að hluta eða öllu leyti.

„Líf mitt var í rosalega miklu rugli,“ sagði sá sem talinn er hafa haft veg og vanda af framkvæmdinni við aðalmeðferð þess í gær. Hann hefur raunar játað sök.

Sá fullyrti að Sigurður Ingi Þórðarson, sem þekktur er fyrir samvinnu sína við bandaríska Alríkislögregluna í tengslum við Wikileaks-málið, hefði skipulagt kúgunina frá á til ö. Hún fór þannig fram að bréf var sett inn um lúguna á heimili Finns Geirssonar, forstjóra Nóa Síriusar, þar sem hann var krafinn um tíu milljónir króna, ellegar yrði eitruðum súkkulaðistykki komið í umferð sem mundi leiða til fjártjóns fyrir tækið. Með fylgd tvö Pipp-súkkulaðistykki sem bremsuvökva hafði verið sprautað í.

„Sækjandi hefur nú ekki prófað að drekka þetta,“ sagði Helgi Magnús fyrir dómi í gær, en sagðist engu að síður geta ímyndað sér að það væri hvorki hollt né gott.

Mennirnir voru svo handteknir á bílastæðinu við Hús verslunarinnar eftir að þeir sóttu pakka sem þeir töldu að innihéldi greiðsluna.

„Gæinn bara plataði mig upp úr skónum – ég er bara fórnarlamb



Í FELUM Mennirnir tveir fóldu sig á bak við dagblöð í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

hérna,“ sagði annar ungu manna um þátt Sigurðar Inga, sem ekki er ákærður í málinu enda voru engar sannanir fyrir aðild hans.

Hinn maðurinn neitar sök. Hann viðurkennir að hafa farið með bréfið á heimili Finns og sótt pakkan á bílastæði en segist hafa talið að um einhvers lags fíkniefnaviðskipti væri að ræða.

Helgi Magnús sagði í málflutningi sínum að fjárlögumartilraunin hefði nú ekki verið neitt „meistarastykki“, en „burtséð frá hálfaukunarverðum tilburðum ákærðu“ hefði tilraunin samt verið þess eðlis að Finnur Geirsson hefði haft fulla

ástæðu til að taka hana alvarlega.

Þessu voru verjendurnir Bjarni Hauksson og Jón Egilsson ósamála. Bjarni lýsti tilrauninni sem kjánalegri og

ad dómgreind og skynsemi hefðu hvergi komið við sögu. „Þetta brot er óframkvæmanlegt og fjarstæðukennt og það á enginn að trúá því,“ sagði Jón. „Þetta er eins og þegar krakkar hringja í 112,“ bætti hann við.

Báðir mennirnir hafa tekið sig á og um skjólstæðing sinn sagði Bjarni að það yrði „sorglegt að rífa ákærða út úr þeim farvegi með innlokun í fangelsi“. Því væri skilorðsbundin refsing eðlilegust.

stigur@frettabladid.is



FRÁBÆR BARNABÓK!

Skrimslið litla systir mín eftir Helgu Arnalds, Björku Bjarkadóttur og með tónlist Eivavar Pálsdóttur hefur slegið í gegn hjá börnunum. Og þeir fullorðnu kunna einnig að meta hana:

„Bókin er fallega myndskreytt af Björku Bjarkadóttur og tónlist Eivavar Pálsdóttur er skemmtileg viðbót við vandaða bók. Eins og aðrar fyrsta flokks barnabækur höfðar bókina bæði til barna og fullorðinna.“
Olof Skafstadóttir, Frbl. 18. okt.

Jólabók barnanna!

Bók og geisladiskur

SKRUDDA

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

ÉL EÐA SNJÓKOMA verður norðan til á landinu um helgina og má búast við að bæti í úrkomuna þegar líður á sunnudaginn og að þá verði einnig úrcoma austanlands, snjókoma eða slydda. Sunnan heiða litur út fyrir nokkuð bjart veður.

Alicante 27°	Berlín 17°	Friedrichshafen 22°	Las Palmas 25°	New York 13°	París 20°
Ápena 23°	Billund 14°	Gautaborg 14°	London 17°	Orlando 26°	San Francisco 18°
Basel 19°	Frankfurt 18°	Kaupmannahöfn 14°	Mallorca 29°	Ósló 14°	Stokkhólmur 14°

Á morgun Strekkingur eða allhvasst vestan til, á Norðurlandi og með SA-ströndinni.

Mánudagur Strekkingur vestan til og víða með ströndum, annars hægar.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

Nýtt Íslandsbanka American Express® kort með tvöfalt fleiri punktum



AMERICAN
EXPRESS

Kortið er gefið út af Íslandsbanka í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.

Frjálsir punktar sem þú notar að vild

Með nýja American Express kortinu safna viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka punktum að lágmarki tvöfalt hraðar en á öðrum kortum bankans. Kortinu fylgja líka víðtækar ferðatryggingar og sértíloð til korthafa American Express.

Í Vildarþjónustu Íslandsbanka safnar þú punktum fyrir kortanotkun, sparnað, bílalán og aðra bankaþjónustu. Þessir punktar eru frjálsir og þú getur notað þá eins og þér hentar í hvað sem þú vilt.

Kynntu þér Íslandsbankapunktana og nýja American Express kortið á islandsbanki.is



Þú getur breytt punktunum í:

- Peninga
- Vildarpunkta Icelandair
- Ferðaávisun
- Sparnað
- Framlag til góðgerðarmála

Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki



ora
Ástríða í matargerð

ÍSLENSK KJÖTSÚPA

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA

Fljótlegt & gott

Undirrituð íbúar á Álftanesi tókum fram

að nýr vegur um Gálgahraun er ekki í okkar þágu. Okkur býður við hvernig embættismenn haga sér í þessu máli. Sérstaklega þar sem peningaaustur sem að því er virðist er eingöngu til að eyðileggja náttúruveru á engan rétt á sér, síst meðan ekki er til fé til að hugsa um sjúka, unga og aldna í þessu þjóðfélagi.

Hinrik Morthens

Edda Sóley Óskarsdóttir

MENNINGAR-STARF Í KÓPAVOGI

Lista- og menningarráð auglýsir eftir umsóknum um styrki úr lista- og menningarsjóði Kópavogsbæjar.

Umsóknum skal skila fyrir **28. nóvember 2013**.

Umsóknareyðublöð fást á vef Kópavogsbæjar eða hjá þjónustuveri bæjarins, Fannborg 2.

Umsóknum skal skila til
Lista- og menningarsjóds,
Fannborg 2, 200 Kópavogur.



Kópavogsbær

kopavogur.is

Vissir þú að...
Börn eiga rétt á vernd
gegna kynferðislega ofbeldi.



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Stefán Reynir Heimisson nam tíu ára stúlku á brott og braut gegn henni: Barnaníðingur í sjö ára fangelsi

DÓMSMÁL Stefán Reynir Heimisson var dæmdur í sjö ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær fyrir að nema á brott tíu ára telpu og brjóta á henni kynferðislega.

Stefán var einnig dæmdur til að greiða stúlkunni þrjár milljónir króna í miskabætur. Hann nam telpana á brott er hún var á leið úr skóla skammt frá heimili hennar.

Stefán ók frá vesturbæ Reykjavíkur og upp í Heiðmörk þar sem hann braut á stúlkunni og tók jafnframt myndskæði og ljósmyndir af

athæfinu á farsíma sinn.

Í dómnum segir að brotin séu gríðarlega alvarleg, afleiðingar þeirra séu miklar og hafi reynst fórnarlambinu þungbærar. Brotavilji Stefáns hafi verið einbeittur og hann eigi sér engar málsbætur.

Stefán á að baki sakaferil frá árinu 2002. Hann hefur hlotið fjóra refsisdóma fyrir margvísleg brot, meðal annars fyrir þjófnað, fjársvik og brot gegn fíkniefnalöggjöfni. Með brotinu rauf Stefán því skilorð sem hann var á.



HEFUR HLOTIÐ FJÓRA REFSIDÓMA Stefán Reynir á að baki sakaferil frá árinu 2002. Hann hlaut sjö ára dóm í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sjómenn hafa verið þrjú ár án samninga

Útvegsmenn vilja að sjómenn taki þátt í auknum kostnaði útgerðar vegna auðlindagjalds og hækkandi olúfukostnaðar. Sjómenn segja það ekki inni í myndinni. Útvegsmenn vísuðu kjaradeilunni til sáttasemjara fyrir átján mánuðum.

VINNUMARKAÐUR Kjarasamningar sjómanna og útvegsmanna hafa verið lausir í tæp þrjú ár og of mikið virðist bera í milli til að menn komist að samkomulagi um gerð nýs kjarasamnings.

Deilan snýst að stærstu leyti um hvort eigi að breyta aflahlutaskiptakerfinu.

„Eins og málin standa má að meðaltali gera ráð fyrir að sjómenn fái í kringum 40% af aflaverðmæti. Ljóst má vera að taka verður tillit til þess aukna kostnaðar sem stóruaukið veiðigjald og síhækkandi olúfukostnaður hefur falið í sér og hefur lent allur á útgerðarhlíðinni við hlutaskiptin,“ sagði Adolf Guðmundsson, formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna, á aðalfundi samtakanna.

„Það er ekki inni í myndinni að hlutaskiptakerfinu verði breytt í þá veru að við förum að borga fyrir þá auðlindagjöld og eitthvað slíkt. Auðlindagjaldið er lagt á hagnað útgerðar og þeir geta borgað það sjálfir. Við ætlum ekki að borga fyrir þá,“ segir Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands.

Adolf segir á hinn bóginn að á meðan þessi mál séu óútkljáð verði kjaramál sjómanna í óvissu.

Kerfið sem kjarasamningarnir byggist á sé að útgerðarmenn og sjómenn deili kjörum í gegnum hlutaskipti. Með því séu hagsmunir sjómanna og útgerðar tengdir hvað varðar afkomu af veiðum einstakra skipa.

„Sú hugsun að hagsmunir útvegsmanna og sjómanna haldist í hendur hefur að miklu leyti tapast og það þarf að leiðrétta,“ segir hann enn fremur.

„Við erum með samninga um hlutaskipti og þar er gert ráð fyrir að við tókum þátt í kostnaði útgerðarinnar. En það er ljóst að við ætlum ekki að taka meiri kostnað á okkur en við berum í dag. Það vita útvegsmenn og það er ástæðan



DEILA Í HNÚT Útvegsmenn vilja breyta hlutaskiptakerfinu á þá lund að sjómenn taki þátt í auknum olúfukostnaði og greiðslu veiðigjalda. Sjómenn segja það ekki koma til greina.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Sú hugsun að hagsmunir útvegsmanna og sjómanna haldist í hendur hefur að miklu leyti tapast.“

Adolf Guðmundsson
formaður LÍÚ



„Það er ekki inni í myndinni að við förum að borga fyrir þá auðlindagjöld.“

Sævar Gunnarsson
formaður SÍ

fyrir því að ekki hefur tekist að semja í þrjú ár,“ segir Sævar.

Fyrir einu og hálfu ári vísuðu útvegsmenn deilunni til ríkissáttasemjara. Menn hafa fundað nokkuð oft hjá sáttasemjara án þess að samningsflötur hafi fundist. Sjómenn segja að það sé útilokað að þeir fari í einhverjar aðgerðir til að ná fram nýjum kjarasamningi.

„Við förum ekki í átök við þá til að ná fram kröfum þeirra. Það er

alveg ljóst,“ segir Sævar. Hann segir að menn séu alveg rólegir því það sé sameiginlegur skilningur deilenda að sá kjarasamningur, sem fallinn er úr gildi, haldi utan um réttindamál sjómanna.

Nýr sáttafundur hefur ekki verið boðaður hjá sáttasemjara en samkvæmt heimildum fréttastofu líður að því að boðað verði til hans.

johanna@frettabladid.is

Netþjónusta Tals gæti verið ólögleg ef hún flokkast sem milliliður:

Réttaróvissa um þjónustu Tals

HÖFUNDARRÉTTUR „Svo lengi sem þeir selja ekki þjónustuna sjálfir, þá eru þeir líklega á gráu svæði með þetta,“ segir Tryggvi Björgvinsson, stjórnarmaður í Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi, spurður út í Lúxusnet Tals, þar sem neytendum eru boðnar tæknilegar lausnir til þess að nálgast efnisveitur sem eru ólöglegar hér á landi, það er að segja Netflix, Hulu, iTunes og fleiri. Fyrirtækið auðveldar þeim aðgang, sem gerast áskrifendur að þjónustunni, að efnisveitunum en þegar eru

ákveðnar girðingar fyrir. Meðal annars geta þeir sem eru með íslenska IP-tölu ekki gerst áskrifendur að Netflix.

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Póst- og fjarskiptastofnun fengust þau svör að málið væri ekki innan sviðs hennar. Tryggvi segir ákveðna réttaróvissu ríkja varðandi þjónustuna. „Tal er milliliður þarna,“ segir hann og bætir við að það sama hafi átt við um umsjónarmenn svokallaðra torrent-síðna sem hafa verið sóttir til saka.



TAL Réttaróvissa er uppi um netþjónustu Tals.

-vg

MUNUM KOSNINGALOFORÐIN!



33%
AFSLÁTTUR
af öllum
barnafatnaði
24.-28. okt.

Barnafatnaður á Íslandi getur lækkað mikið í verði ef skattar og tollar hér væru sambærilegir og víða erlendis.



Skorum á þingmenn að endurskoða skatta og tolla á barnafatnaði! **Það er aukinn kaupmáttur!**

TAX FREE SNYRTIVÖRU
DAGAR
DAGANA 24.-28. OKTÓBER

*jafngildir 20,32% verðlækkun

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ekkert lát á ógunni í smáríkinu Barein:

Þúsundir vilja stjórnina burt

BAREIN, AP Þúsundir manna héldu út á götur í smáríkinu Barein í gær til að krefjast lýðræðisumbóta og heimta að stjórnin segi af sér.

Meðal mótmælendanna var Kalil al-Marsúk, einn helstu leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Barein, en hann var nýsloppinn úr fangelsi.

Hann á yfir höfði sér ákærur fyrir að hvetja til ofbeldis, en neitar allri aðild að sprengjuárásum og öðru ofbeldi.

Sjá-múslimar eru í meirihluta í Barein og hafa allt frá byrjun ársins 2011 efnt reglulega til mótmæla gegn minnihlutastjórn súnní-múslima, sem nýtur stuðnings Sádi-Arabíu.



FLÝR UNÐAN TÁRAGASI Lögreglan í Barein beitti táragasi gegn mótmælendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

- gb



KÓPAVOGUR Bæjarstjóri sem sagt var upp fékk sviðsstjórastarf hjá Kópavogsbæ í kjölfarið en nú er ekki talin þörf fyrir það starf.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Skipulögðu fyrrverandi bæjarstjóra út

Sviðsstjórastaða, sem fyrrverandi bæjarstjóri Kópavogs hefur gegnt, er lögð niður með skipulagsbreytingu.

KÓPAVOGSBÆR Meirihluti bæjarstjórnar Kópavogsbæjar ákvað á þriðjudag að leggja niður stöðu sviðsstjóra sérstakra verkefna sem Guðrún Pálsdóttir, fyrrverandi bæjarstjóri, hefur gegnt.

Guðrún hafði sinnt starfinu síðan í mars á þessu ári þegar sviðið var stofnað. Þá hafði hún verið á bæjarstjórallaunum í heilt ár án þess að sinna formlegum verkefnum fyrir bæinn.

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi, segir að ákvörðunin um að leggja sviðið niður byggist á stjórnsýsluúttekt sem bærinn fékk Capacent til að vinna og var kynnt í bæjarstjórn í nóvember 2012.

„Ákvörðunin tengist stjórnsýslubreytingu sem tók á ýmsum þáttum til að einfalda og skilgreina betur skipulag bæjarins og draga úr kostnaði. Einn þáttur í þessum skipulagsbreytingum var að staða sviðsstjóra sérstakra verkefna var lögð niður. En það er bara einn þáttur í miklu stærri heildarmynd,“ segir Ármann.

„Þetta er túlkun Ármanns á stjórnsýsluúttektinni en í vor túlkadi hann þessa sömu úttekt á þann veg að það ætti að stofna þessa sviðsstjórastöðu og því ákvað meirihluti Sjálfstæðisflokks, Fram-



GUÐRÚN ARNARDÓTTIR



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

sóknarflokks og Lista Kópavogsbúa að stofna þetta svið,“ segir Guðrún Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í bænum.

Guðrún segir að hún hafi lengi gagnrýnt að ekki hafi legið fyrir hvaða verkefnum Guðrún sinnti í starfi sínu sem sviðsstjóri.

„Ég hef ekki fengið nein svör um það, hvorki munnleg né skrifleg. Þó það sé búið að leggja stöðuna niður vil ég vita í hvað peningar skattgreiðenda í Kópavogi hafa farið undanfarna mánuði í tengslum við þessa stöðu,“ segir Guðrún.

Spurður um hvaða verkefni Guðrún hafi sinnt segir Ármann að hann hafi áður skýrt frá því í bæjarráði Kópavogs.

„Verkefni tengdust stjórnsýsluúttektinni sjálfri auk þess sem Guðrún kom að ársreikningsgerð og fleiri verkefnum,“ segir Ármann.

haraldur@frettabladid.is

Var bæjarstjóri í tuttugu mánuði

Guðrún Pálsdóttir var ráðin sem ópólitískur bæjarstjóri Kópavogsbæjar hinn 16. júní 2010 á grundvelli meirihlutasamstarfs Samfylkingar, Lista Kópavogsbúa, Næst besta flokksins og Vinstri grænna. Hún var áður sviðsstjóri tómtunda- og menningar sviðs bæjarins. Guðrún gegndi stöðu bæjarstjóra í um tuttugu mánuði, eða til febrúar 2012. Meirihlutinn hafði mánuði áður ákveðið að segja Guðrúnu upp störfum en áður en af því varð sprakk meirihlutasamstarfið. Ármann Kr. Ólafsson varð bæjarstjóri nýs meirihluta og þá var gert samkomulag við Guðrúnu um að hún yrði áfram á bæjarstjórallaunum til 1. september 2012. Þá átti hún að taka við starfi sviðsstjóra á nýju sviði menningarmála hjá Kópavogsbæ. Stjórnsýsluúttekt Capacent, sem greint er frá í fréttinni, mælti hins vegar gegn því að sviðið yrði stofnað og því kom Guðrún ekki til starfa í byrjun september. Hálfu ári síðar tók hún síðan við starfi sviðsstjóra sérstakra verkefna.



GUÐRÚN PÁLSDÓTTIR

– FYRIRTÆKI VERÐUR TIL –

Óskilgetið afkvæmi efnahagshrunsins



Saga Meniga fyrstu fimm árin: Frá stofnun til leiðandi stöðu

Fyrirlestur í Hátíðasal Háskóla Íslands, þriðjudaginn 29. október nk. kl. 12

Hugbúnaðarfyrirtækið Meniga og hraður vöxtur þess frá stofnun árið 2009 verður umfjöllunarefni næsta viðburðar í fyrirlestraröðinni „Fyrirtæki verður til“.

Georg Lúðvíksson, framkvæmdastjóri og einn stofnenda, fer yfir sögu Meniga frá hugmyndastigi til dagsins í dag.

Saga Meniga er stutt en viðburðarík. Fyrirtækið var stofnað vorið 2009 í kjölfar efnahagshrunsins og hefur vöxtur þess verið ævintýri líkastur. Meniga er nú markaðsleiðandi á sviði heimilisfjármála- og netbankalausna í Evrópu. Yfir 15 bankar í 11 löndum nýta sér hugbúnað og ráðgjöf frá Meniga og hafa um 10 milljónir manna aðgang að lausnum fyrirtækisins. Starfsmenn eru rúmlega 60 og gert er ráð fyrir áframhaldandi örum vexti.

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir.

Nánari upplýsingar má finna á:
hi.is/fyrirtaeki_verdur_til



HÁSKÓLI ÍSLANDS

www.hi.is

UMHVERFISÞING 2013

8. nóvember í Hörpu

Skráningu á Umhverfisþing 2013
lýkur mánudaginn 28. október.

Á þinginu verður fjallað um skipulag lands og hafs, sjálfbæra þróun og samþættingu verndar og nýtingar.

Dagskrá þingsins og nánari upplýsingar er að finna á vef umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku í þinginu.
Skráning fer fram á www.umhverfisraduneyti.is



UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Nýtt sjónvarpsmerki á frábæru verði

Ávallt velkomin í **ORMSSON-BT!**



Haier

Inspired living

„Haier – The #1

Global Major Appliances Brand
For 4th Consecutive Year.“

Euromonitor International



HAIER · C800HF



39" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 99.900,-

- 1920x1080p – Full HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 200Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB, VGA
- USB afspilun á myndböndum, tónlist og ljósmyndum

50" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 169.900,-



HAIER · G610CF



32" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 79.900,-

- 1920x1080–FULL HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 100Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB

„Haier –
China's First Global Brand.“
Forbes



HAIER · LET42A700P



42" LED SJÓNVARP Aðeins kr. 139.900,-

Rétt verð: 159.900,-

- 3D
- 1920x1080–FULL HD
- 4.000.000:1 Dynamic Contrast
- 100Hz endurnýjunartíðni
- DVB-T og DVB-C sjónvarpsmóttakarar
- 2xHDMI, SCART, USB

Ótrúlega flott tæki. Eitt með öllu.
Komdu og sjáðu – Sjón er sögu ríkari!

ORMSSON



OPIÐ ALLA DAGA TIL KL. 18:00

- virka daga frá 10:00-18:00
- á laugardögum frá 11:00-18:00
- á sunnudögum frá 13:00-18:00

SKEIFUNNI 11 • SÍMAR: 530.2800 / 550.4444 • ormsson.is & bt.is



NICOLAS MADURO Byr landsmenn undir borgarstjórnarkosningar í desember. NORDICPHOTOS/AFP

Forseti Venesúela:

Nýtt ráðuneyti hamingjumála

VENESÚELA, AP Nicolas Maduro, forseti Venesúela, skýrði frá því í gær að nýtt ráðuneyti hefði verið stofnað. Það kallast aðstoðarráðuneyti æðstu hamingju alþýðunnar.

Ráðuneytið fær það verkefni að „...sinna fötluðum bræðrum okkar og systrum, þeim sem eru heimilislausir, gamla fólkinu okkar, börnunum okkar,“ sagði Maduro, sem tók við af Hugo Chavez sem lést snemma á þessu ári.

Jafnframt skýrði Maduro frá því að árlega yrði efnt til sérstaks dags, sem helgaður yrði „tryggð okkar og ást á Hugo Chavez“. -gb

Segir HÍ birta of fáar greinar

Fáar greinar birtast í alþjóðlegum tímaritum sem eru viðurkennd af vísindasamfélaginu. Aðeins átján greinar birtust eftir starfsmenn á menntasviði. Stærðfræðingur segir að starfsfólk vinni ekki vinnuna sína.

MENNTUN „Það liggur í augum uppi að sumir eru ekki að vinna vinnu sína. Það vita allir sem vilja vita og í raun er það opinbert leyndarmál háskólasamfélagsins,“ segir Einar Steingrímsson, stærðfræðikennari í Skotlandi, en hann tók saman birtar greinar í svokölluðum ISI-tímaritum eftir vísindasviðum Háskóla Íslands. Þar kemur meðal annars fram að aðeins átján greinar frá mennta-vísindasviði hafa birst í ISI-tímaritum. Tæplega 130 manns vinna á sviðinu, en það gera 0,14 greinar á mann. Til útskýringar þá eru ISI-tímarit þau sem finna má í einum víðtækasta alþjóðlega gagnagrunninum yfir greinar birtar í ritrýndum fræðiritum. Það eru rit sem eru viðurkennd af vísindasamfélaginu.



EINAR STEINGRÍMSSON

Háskóli Íslands hefur nú það metnaðarfulla markmið að verða einn af

hundrað bestu háskólum heims. Til þess að svo verði, er grundvallaratriði að skólinn fái greinar birtar í ISI-tímaritum.

Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, segir ýmsar ástæður fyrir fáum birtum greinum. Meðal annars birta margir fræðimenn greinar í innlendum blöðum sem eru ekki ISI-tímarit. Eins eru bækur oft afrakstur rannsókna hugvísindasviðs.

„En það eru ákveðnar greinar innan háskólans sem þurfa að birta fleiri greinar,“ segir Halldór sem tekur undir að of fáar greinar birtist.

Helmingi launa starfsmanna skólans er ætlað að fara í rannsóknir. Spurður hvort starfsmenn svíkist um, og sleppi þeim, svarar Halldór að svo sé ekki, það væri þá tekið á því, enda ein af starfsskyldum starfsmanna.

Varðandi birtar greinar bendir Halldór á að hátt hlutfall greina, sem eru birtar í ISI-tímaritum, birtist í áhrifamestu tímaritum.

valur@frettabladid.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS Helmingur launa kennara á að fara í rannsóknir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tafla yfir birtar greinar í háskólanum

Svið	Starfsmenn	Greinar	Meðaltal
Verkfræði og náttúruvísindi	109	345	3,17
Heilbrigðisvísindi	187	330	1,76
Félagsvísindi	116	33	0,28
Hugvísindi	105	19	0,18
Menntavísindi	127	18	0,14

Eignastýring MP banka

ÁSKORUNUM FYLGJA TÆKIFÆRI

Áskoranir á mörkuðum hafa sjaldan verið meiri en nú. Tækifærin sem þeim fylgja geta verið dýrmæt. Njóttu ráðgjafar sérfræðinga við mat á fjárfestingarkostum og nýttu tækifærin á verðbréfamarkaði með eignastýringu MP banka. Þjónusta okkar er sniðin að þörfum viðskiptavina og við bjóðum fjölbreytt úrval fjárfestingarleiða til að ná ávöxtunarmarkmiðum hvers og eins.

Kynntu þér framúrskarandi þjónustu sérfræðinga eignastýringar MP banka og fáðu kynningarfund.

Nánari upplýsingar um fjárfestingarleiðir og verðskrá á www.mp.is eða í síma 540 3230.

www.mp.is

Hefðu samband einkabankathjonusta@mp.is

mpbanki



DAVID CAMERON OG ANGELA MERKEL Forsætisráðherra Bretlands og kanslari Þýskalands spjalla saman á leiðtogafundinum í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fara varlega að Obama

Leiðtogar Evrópusambandsríkjanna vilja ekki spilla samskiptunum við Bandaríkin, þrátt fyrir víðtækar njósnir bandarísku leyniþjónustunnar um þá sjálfa.

BANDARÍKIN Innan fárra daga halda yfirmenn í þýsku leyniþjónustunni til Bandaríkjanna, að kröfu Angelu Merkel kanslara, til að ræða við fulltrúa Hvíta hússins og bandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar um njósnamálin, sem skeið hafa stjórnvöld víða um heim undanfarnar vikur.

Sífelld fleiri upplýsingar koma nú fram um að bandarískir leyniþjónustumenn hafi njósnað um ráðamenn í hverju ríkinu á fætur öðru. Nú síðast skýrði breska blaðið The Guardian frá því að Bandaríkjamenn hefðu fylgst með símtölum 35 þjóðarleiðtoga, en reyndar hefðu þær njósnir ekki skilað neinum upplýsingum sem máli skiptu.

Hins vegar hafi njósnir þessar orðið til þess að bandarískir njósnarar fengu vitneskju um 43 önnur símanúmer, sem fylgst hefði verið með áfram.

Þetta kemur fram í einu þeirra leyniskjala, sem bandaríski uppljóstrarinn Edward Snowden lak til fjölmiðla.

Merkel Þýskalandskanslari skýrði frá því á miðvikudag að Bandaríkin hefðu hlerað einkasíma hennar. Fjölmiðlafulltrúi Hvíta hússins sendi í kjölfarið frá sér yfirlýsingu, þar sem hann fullyrti að Bandaríkin fylgdust ekki með símtölum Þýskalandskanslara og hafi ekki í hyggju að gera það. Í yfirlýsinguinni sagði þó ekkert um það hvort Bandaríkin hefðu einhvern tíma gert það.



KEITH ALEXANDER Yfirmaður bandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

Merkel sagði trúnaðarrest vera orðinn að veruleika í samskiptum þýskra og bandarískra ráðamanna, og því yrði að breyta. Hún vonast til að heimsókn þýsku leyniþjónustmannanna til Bandaríkjanna verði til þess að allt komi upp á borðið í þessum efnunum.

Njósnamálin voru rædd á leiðtogafundi Evrópusambandsins í Brussel í gær, og samþykktu leiðtogarnir yfirlýsingu þar sem segir að trúnaðarrestur geti skaðað nauðsynlega samvinnu ríkjanna á sviði njósnar.

Á hinn bóginn lögðu þeir áherslu á að samskiptin við Bandaríkin skiptu Evrópuríki eftir sem áður miklu máli, og þetta mál mætti ekki verða til þess að spilla þeim samskiptum.

„Það sem hér er í húfi er að vernda tengsl okkar við Bandaríkin,“ sagði Francois Hollande Frakklandsforseti. „Það þarf að endurverkja og styrkja traustið.“

gudsteinn@frettabladid.is

Um fimm hundruð kvartanir og skyld erindi hafa borist landlækni frá því í ársbyrjun 2011:

Kvörtunum hefur ekki fjölgað frá hruni

HEILBRIGÐISMÁL Tæplega 500 kvartanir og skyld erindi bárust landlækni frá 1. janúar 2011 til 8. október síðastliðins. Á árunum 2011 og 2012 bárust landlækni alls 351 erindi vegna heilbrigðisþjónustu. Af þessum málum voru formlegar kvartanir samtals 74 og liggur niðurstaða fyrir í 54 þeirra, að því er kemur fram á vef embættisins.

Þar segir að það sé mat embættisins að í 17 af þessum 54 formlegu kvörtunum hafi orðið mistök, vanræksla og/eda að framkoma heil-

brigðisstarfsmanna hafi verið ótilhlýðileg.

Í kjölfarið hefst svokallað eftirlitsmál, að sögn Önnu Bjargar Ara-dóttur, sviðsstjóra eftirlits og gæða hjá landlækni. „Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um birtingu á tölfræði eftirlitsúræða sem geta verið tilmæli, áminning eða svipting,“ segir hún.

Auk formlegra kvartana vörðuðu erindin samskipti við veitendur heilbrigðisþjónustu, aðgang að sjúkrahúsi og óvænt atvik auk þess sem

gerðar voru athugasemdir við heilbrigðisþjónustu. Þar að auki voru nokkur óskilgreind erindi.

Fyrirliggjandi gögn benda til að helmingur formlegra kvartana sé afgreiddur innan eins árs og 75 prósent innan 15 mánaða. Þess er jafnframt getið að tekin hafi verið upp önnur og ítarlegri flokkun erindanna sem berast en áður tíðkaðist.

„Ef skoðað er aftur til ársins 2008 virðast sveiflurnar vera eðlilegar milli ára. Ekki er hægt að sjá fjölgun,“ segir Anna Björg. -ibs



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ Landlæknir hefur tekið upp aðra og ítarlegri flokkun erinda sem berast. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Niðurstaða DNA-rannsóknna:

Ruseva er móðir Maríu

BÚLGARÍA, AP Yfirvöld í Búlgaríu segja DNA-rannsóknir hafa staðfest að Sasha Ruseva og Atanas, eiginmaður hennar, eru kynforeldrar stúlkunnar Maríu, sem tekin var af Rómafjölskyldu á Grikklandi í síðustu viku.

Enn er þó ekki vitað hvað verður um Maríu, hvort hún fari aftur til uppeldisfjölskyldu sinnar, eða hvort hún verði send til foreldra sinna í Búlgaríu, eða komið fyrir í fóstri annars staðar.

-gb



LANDSPÍTALINN Læknar skora á þingmenn að endurskoða fjárlagafrumvarpið og tryggja spítalanum nægt rekstrarfé.

Læknaráð Landspítalans:

Læknar biðla til alþingismanna

HEILBRIGÐISMÁL Læknaráð Landspítala skorar á Alþingi að endurskoða fjárlagafrumvarp næsta árs með það að leiðarljósi að setja Landspítalann í forgang og tryggja þannig nauðsynlega fjárveitingu til að hefja þá uppbyggingu sem er svo nauðsynleg starfsemi.

Læknaráðið segir enn fremur að það telji að þjóðarsátt sé um að styrkja þessa grunnstöð íslensks heilbrigðiskerfis sem Landspítalinn er. Það verði ekki gert nema með verulega auknu fjármagni til rekstrar spítalans. -jme



RÁÐUNEYTI Mennta- og menningarmálaráðuneyti gerði könnun sem sýndi fram á faglegan ávinning af sameiningunni. FRÉTTABLAÐIÐ / GVA

Faglegur ávinningur:

Sameining á menntasviði

STJÓRNSÝSLA Fyrirhugað er að sameina Námsmats- og námsgagnastofnun í eina stofnun á sviði menntamála. Ekki hefur verið ákveðið hvenær hin nýja stofnun verður formlega sett á laggirnar.

Faglegur ávinningur af sameiningu stofnananna mun vera umtalsverður samkvæmt fýsileikakönnun sem gerð var og felst hann einkum í að styrkja tengslin milli námsskráa, námsefnis, námsmats og gæðamats fyrir skólana og framkvæmd. -ebg

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Sækist eftir fjórða sæti



Ólafur Kr. Guðmundsson, varaformaður FÍB og tæknistjóri EuroRAP á Íslandi, hefur ákveðið að gefa kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins fyrir

komandi borgarstjórnarkosningar. Hann sækist eftir fjórða sætinu. Ólafur byggir framboð sitt á langri reynslu í umferðaröryggismálum en hann segir þann málaflokk hingað til ekki hafa fengið þann sess sem honum ber.




HWITA HÚSÍÐ/SÍÁ 13-2705

VIÐ ERUM FLUTT!

Valitor hefur flutt höfuðstöðvar sínar í nýtt húsnæði við **Dalshraun 3** í Hafnarfirði.

Starfsfólk Valitor



VALITOR

Valitor // Dalshraun 3, 220 Hafnarfjörður // 525 2255 // radgjof@valitor.is // www.valitor.is

Hefur þú misst?

Stuðningur fyrir ekkla og ekkjur

- Að missa maka og standa einn með börn
- Að missa maka á miðjum aldri
- Að missa maka á efri árum

Nánari upplýsingar á krabb.is eða í síma 540 1900



Ekki ráðinn þrátt fyrir betri menntun

Karlmaður var ekki ráðinn leikskólastjóri þrátt fyrir að vera betur menntaður en konan sem var ráðin. Sérstök áhersla var lögð á stjórnunarreynslu umsækjenda. Aðeins þrír karlmenn hafa verið leikskólastjórar og uppfylltu því skilyrði bæjarins.

JAFNRÉTTISMÁL „Mikil áhersla var lögð á stjórnunarreynslu,“ segir Eyjólfur Sæmundsson, formaður fræðsluráðs Hafnarfjarðar, um það er kona var ráðin leikskólastjóri á Hörðuvöllum í júní. Af þeim sem sóttu um starfið voru tveir með meiri menntun, annar þeirra var karlmaður. Fræðsluráð samþykkti ráðninguna.

Maðurinn sem sótti um starfið hefur verið aðstoðarskólastjóri sama skóla í sex ár. Hann segir í samtali við Fréttablaðið að hann hafi kannað réttarstöðu sína vegna málsins, ekki síst í ljósi jafnréttisstefnu bæjarins, en þar segir orðrétt:

„Jafnréttissjónarmið skulu metin til jafns við önnur sjónarmið þegar ráðið er í stöður hjá Hafnarfjarðarbæ. Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafn hæfur eða hæfari.“



EYJÓLFUR SÆMUNDSSON

Aðspurður segir Eyjólfur þetta sjónarmið hafa verið rétt. „En það var mat sviðsstjóra að stjórnandaþekking væri lykilatriði,“ segir Eyjólfur. „Og það er ljóst að leikskólastjórinn sem var ráðinn hefur gífurlega mikla reynslu af stjórnun leikskóla. Auk þess leysti hún fyrrverandi leikskólastjóra af á meðan hann var í veikindaleyfi.“

Aðeins þrír karlar hafa starfað sem leikskólastjórar eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Því voru aðeins þrír karlar hæfir í starfið samkvæmt auglýsingunni.

Spurður, í ljósi þess að karlinn var meira menntaður en konan og hvort það hefði því ekki verið í anda jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar að ráða hann, svarar



LEIKSKÓLABÖRN Fáir karlar starfa á leikskólum og aðeins einn starfar sem leikskólastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM.

Eyjólfur: „Þetta togast alltaf á, það að meta einstakling að verðleikum og kyni og hvernig skal meta það. Það er alveg klárt mál að ef þau hefðu verið jafn hæf hefði karlinn verið ráðinn. Konan var aftur á móti metin hæfust.“

Sviðsstjóri fræðsluviðs Hafnarfjarðar lét meta sérstaklega hæfni efstu umsækjenda og eftir það ferli komst hann að þeirri niðurstöðu að konan væri hæfust.

Karlinn sem sótti um starfið, og fékk ekki, var framhaldsmenntaður í stjórnun. Hann segist hafa kannað stöðu sína hjá lögfræðingi vegna málsins og íhugað að kæra. Hann segist svo hafa fengið þau svör að í ljósi þess að sérstaklega var auglýst eftir reynslu í stjórnun hafi hann ekki átt mikla möguleika á að vinna málið.

valur@frettabladid.is



Seðlabanki Íslands Gjaldeyrísútböð

Seðlabanki Íslands mun halda þrjú gjaldeyrísútböð 3. desember 2013. Útböðin þrjú eru liður í losun hafta á fjármagnsviðskiptum, samanber áætlun Seðlabankans um losun gjaldeyrishafta frá 25. mars 2011 (<http://sedlabanki.is/afnam>) og skilmála Seðlabanka Íslands um gjaldeyrisviðskipti samkvæmt fjárfestingarleið að losun gjaldeyrishafta frá 18. nóvember 2011 með síðari breytingum (<http://sedlabanki.is/fjarfesting>).

Útböð í fjárfestingarleið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur til fjárfestingar til langs tíma í íslensku atvinnulífi. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í útböðshluta fjárfestingarleiðarinnar eru EUR 25.000. Fjármálafyrirtæki sem gert hafa samstarfssamning við Seðlabanka Íslands um milligöngu munu annast framlagningu umsókna um fyrirhugaða þátttöku fjárfesta í útböðinu samkvæmt fjárfestingarleiðinni. Það útböð er opið fjárfestum sem hafa fengið samþykka umsókn um þátttöku í fjárfestingarleið. Frestur til að skila inn umsóknum rennur út í dagslok 13. nóvember n.k.

Útböð í ríkisverðbréfaléið

Seðlabanki Íslands býðst til að kaupa evrur gegn greiðslu í ríkisverðbréfum í flokknum RIKS 33 0321. Lágmarksfjárhæð til þátttöku í ríkisverðbréfaléiðinni eru EUR 10.000. Tilteknir aðalmiðlarar á skuldabréfamarkaði hafa milligöngu um viðskipti í útböðinu gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Útböð um kaup á krónum gegn greiðslu í erlendum gjaldeyri

Seðlabanki Íslands kallar eftir tilboðum frá aðilum sem vilja selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reidufé í erlendum gjaldeyri. Viðskiptabönkum er boðið að hafa milligöngu um viðskiptin um kaup á íslenskum krónum í skiptum fyrir erlendan gjaldeyri.

Seðlabankinn áskilur sér rétt til að takmarka heildar viðskiptamagn með hliðsjón af áhrifum útböðanna á lausafjárstöðu fjármálafyrirtækja. Endanleg útböðsfjárhæð ræðst af þátttöku. Útböðsfyrirkomulag er með þeim hætti að öll samþykkt tilboð bjóðast fjárfestum á sama verði (e. single price). Uppgjör viðskipta í útböðunum þremur verður 3 dögum eftir að útböði lýkur. Tilboðum skal skilað eigi síðar en 3. desember 2013. Nánari lýsingu á framkvæmd útböðanna þriggja er að finna í útböðsskilmálum.

Útböðsskilmála og yfirlit um milligönguáðila, aðalmiðlara og viðskiptabanka má finna á heimasíðu Seðlabankans <http://sedlabanki.is/utbod>.

Næstu gjaldeyrísútböð verða haldin 4. febrúar og 18. mars 2014.

Nánari upplýsingar veita milligönguáðilar, aðalmiðlarar og viðskiptabankar.

Efnahagur í Evrópu: Skuldir hækka á evrusvæðinu

EVROPA Í lok annars ársfjórðungs námu ríkisskuldur ríkja á evrusvæðinu alls 93,4 prósentum af vergri landsframleiðslu (VLF), sem er rúmu prósentu hærra en var eftir fyrsta ársfjórðung. Þetta kemur fram í tölum Eurostat.

Þegar litið er á ESB í heild er hlutfall skulda gegn landsframleiðslu 86,8 prósent og hækkaði um tæpt prósent frá lokum fyrsta fjórðungs. Frá öðrum ársfjórðungi 2012 hefur hlutfallið hjá evruríkjunum hækkað um 3,5 prósentustig og rúm tvö prósentustig í ESB í heild. - þj



Í BRÚNNI Theo Hoen, forstjóri Marel, sagði í tilkynningu í gær að afkoma fyrirtækisins væri viðunandi í ljósi markaðsaðstæðna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tekjur lækkuðu um 4,5%:

Marel skilar minni hagnaði

VIÐSKIPTI Hagnaður Marel á þriðja ársfjórðungi þessa árs nam 996 milljónum íslenskra króna en var 1,4 milljarðar króna á sama tímabili árið 2012.

Tekjur fyrirtækisins á fjórðungnum námu 26 milljörðum íslenskra króna og lækkuðu um 4,5 prósentustig miðað við sama tímabil á síðasta ári.

Í tilkynningu frá Marel segir að afkoma fyrirtækisins á fyrstu níu mánuðum ársins endurspeglar hægari bata en áður hafi verið gert ráð fyrir. - hg



ERT ÞÚ EKKI MEÐ ÞÍNAR AFMÆLISTÖLUR Í ÁSKRIFT?

Vertu með Lottóið í áskrift og notaðu afmælisdaginn hennar mömmu, pabba, krakkanna, stóru systur, Beggu frænku – já, eða jafnvel afmælisdaginn hans Snata gamla. Það er nefnilega aldrei að vita hver færir þér vinningstölurnar í Lottóinu!

Leyfðu þér smá Lottó!



Skráðu þig sem aðdáanda Lottó á
facebook.com/lotto.is



Vildarbörn eru 10 ára

Sjóðurinn Vildarbörn var formlega stofnaður sumardaginn fyrsta árið 2003 og er verndari hans frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands. Frá stofnun höfum við gert 398 börnum og fjölskyldum þeirra kleift að fara í draumaferðina sína á áfangastaði Ícelandair. Alls hafa því um 1.990 manns notið góðs af þessu starfi, sem jafngildir því að við höfum fyllt 11 flugvélar vegna framlaga úr sjóðnum!

Svona styrkir þú Vildarbörn

Það er auðvelt að styðja við bakið á Vildarbörnum. Bæði er hægt að gefa Vildarpunkta í Vildarbarnasjóð Ícelandair og svo afgangsmynt þegar ferðast er með flugvélum Ícelandair. Einnig er tekið við frjálsum framlögum á skrifstofu Ícelandair.

Við þökkum veittan sem og áframhaldandi stuðning. Ícelandair er afar þakklátt fyrir að koma að þessu starfi og við hlökkum til að senda fleiri Vildarbörn í ævintýraferðina sína.



VILDARBÖRN
10 ÁRA



Vildarbörn Icelandair

[f](#) [t](#) [You Tube](#) [i](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR



Fjarskiptafyrirtæki hvetur til lögbrotar:

Það sem þig raunverulega langar

Við hjá Tal viljum að internetið sé opið og aðgengilegt öllum sama hvar í heiminum þeir eru fæddir og búsettir. Við viljum að hlutirnir séu einfaldir og auðveldir í notkun og þú getir gert það sem þig raunverulega langar. Þess vegna settum við smá Lúxus í netið ykkar,“ stendur á heimasíðu fjarskiptafyrirtækisins Tals.

Eins og Fréttablaðið sagði frá í gær, felst lúxusinn í því að viðskiptavinir Tals fá erlenda IP-tölu á internetinu, sem veitir þeim aðgang að erlendum efnisveitum á borð við Netflix og Hulu sem að öllu eðlilegu eru ekki opnar íslenskum notendum.

Ástæðan fyrir því að þær eru lokaðar er ekki tæknileg mistök eða mannvonzka. Þær eru lokaðar vegna þess að það brýtur í bága við lög um höfundarrétt að þær bjóði efni sitt fram á Íslandi. Með því að bjóða upp á þjónustu sem kemur íslenskum neytendum í viðskiptasamband við þessar

erlendu efnisveitur hvetur fjarskiptafyrirtækið þess vegna til lögbrotar, þótt það vilji auðvitað ekki viðurkenna það.

Höfundarréttarsamningar virka þannig að samið er um eitt markaðssvæði í einu. Þegar samið er um sölu og dreifingu t.d. hljómplötu eða kvikmyndar á tilteknu markaðssvæði fá höfundarnir og aðrir þeir sem komu að gerð listaverksins greiðslur fyrir. Af því að það væri óframkvæmanlegt að hver höfundur innheimti sjálfur greiðslur fyrir verk sín er samið við heildarsamtök réttshafa á hverju svæði. Ef verkinu er dreift á nýju markaðssvæði án þess að gera slíkan samning missa réttthafar spón úr aski sínum.

Þótt fólk greiði fyrir þjónustu á borð við Netflix er þess vegna ekki þar með sagt að hún sé lögleg ef hún hefur ekki gert höfundarréttarsamninga á Íslandi. Með því að notfæra sér hana er því alveg klárlega verið að brjóta á réttindum annarra.

Svo má ekki gleyma því að með því að fara Fjallabaksleiðir eins og Tal býður upp á, er verið að villa á sér heimildir. Annað fyrir tæki, Flix.is, sem býður upp á sambærilega þjónustu, er ekkert að fara í felur með það: „nafnþjónarnir láta þig líta út eins og þú komir frá USA og Bretlandi.“ Þetta er svona dálítið eins og að selja fólkí falsað nafnskrirteini þannig að það komist í ríkið eða geti fengið eldri borgaraafslátt án þess að eiga rétt á því.

Þegar farin er þessi krókaleið greiðir þjónustuveitandinn heldur enga skatta og skyldur á Íslandi, eins og honum ber þó að gera. Það er líka þess vegna sem Netflix og Hulu vilja ekki viðskipti við notendur með íslenska IP-tölu; fyrirtækin vita að slíkt er ólöglegt.

Það er furðulegt að íslensk fjarskiptafyrirtæki auglýsi þjónustu eins og „Lúxusnetið“, en kannski í samræmi við þá trú sumra að á internetinu megi gera allt sem mann raunverulega langar, alveg birtsett frá lögum og reglum.

Enn furðulegra er að íslensk yfirvöld geri ekki nokkurn skapadán hlut í málinu. Talsmaður Póst- og fjarskiptastofnunar, sem hefur eftirlit með fjarskiptafyrirtækjum, segir í Fréttablaðinu í dag að málið komi henni ekki við. Svo virðist sem skattayfirvöld og lögreglan hafi komist að sömu niðurstöðu.

Ætli það sé í samræmi við áform stjórnvalda um stuðning við skapandi greinar að skeyta engu um höfundarrétt, sem er þó forsendan fyrir því að margar listgreinar þrífast yfirleitt?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871



netto
Kræsingar & kostakjör

**HYDROXYCUT
WILDBERRY 21 BRÉF**
3.998 KR PK
ÁÐUR 5.990 KR

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Grandi · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

SPOTTIÐ



AF KÖGUNARHÓLI PORSTEINS PÁLSSONAR

Næst er að éta útsæðið

Í meira en sjö áratugi hefur þjóðarþúskaðurinn nokkuð reglulega fengið tímabundnar utan að komandi innspýtingar. Þessi staðreynd er umhugsunarefni nú þegar ljóst er orðið að lítil von er til þess að unnt verði að leysa þjóðina úr fjötrum fjármagnshafa. Nafnbreyting á höftunum er það eina sem augað eygir þegar horft er fram á við.

Meðan seinna stríðið færði eynd og hörmungar yfir flest ríki Evrópu flutti það gjaldeyri og velmegun til Íslands. Nýsköpunarstjórnin hagnýtti gróðann til umfangsmikilla fjárfestinga



í sjávarútvegi. Þetta var mikil lyftistöng. En stríðinu lauk og í hlutarins eðli lá að stríðsgróðinn reyndist ekki sjálfbær. Þá vildi það þjóðarþúskaðurinn til happs að Bandaríkjamenn stofnuðu sjóð til viðreisnar Evrópu. Þó að Ísland hafi grætt en ekki tapað á stríðinu fékk það ríkulega aðstoð. Hún var nýtt til fjárfestinga í verksmiðjum og raforkuverum á sjötta áratugnum.

Þessi búbjörg hafði veruleg áhrif. Hún stuðlaði að betri sjálfbærni hagkerfisins en innspýtingin sjálf var vitaskuld ekki viðvarandi.

Í byrjun áttunda áratugarins var rányrkja Breta og fleiri þjóða stöðvuð á Íslandsmiðum. En í stað þess að vernda fiskistofnana hélt Ísland rányrkju þeirra áfram. Það var gríðarleg innspýting í hagkerfið í ríflega einn og hálfan áratug. Þá varð ekki lengur undan því vikist að hefja ábyrga verndunarstefnu. Þegar upp var staðið hafði rányrkjan fyrst og fremst verið tímabundin ósjálfbær innspýting.

Syndafloð erlendra lána

Í byrjun nýrrar aldar var gengi krónunnar sett á flot. Skemmst er frá því að segja að þá hófst slík innspýting af erlendu lánsfé að fordæmi finnst ekki þótt leit að sé um víða veröld. Lífskjörin bötnuðu að sama skapi á pappírnum. Vandinn var hins vegar sá að þetta var lítið annað en ósjálfbært syndafloð erlendra lána. Þessi innspýtingarblaðra sprakk og afleiðingarnar urðu mun dramatískari en endalok þeirra fyrri.

Þannig hafa fjórar mismunandi en meiri háttar og tímabundnar

innspýtingar í hagkerfið lyft lífskjörum í landinu á lýðveldistímnum. Síðasta gengishrun leiddi svo til mikillar kjaraskerðingar og skildi líka eftir djúp sár í samfélaginu.

Sumir halda hinu fram, að í gengishruninu hafi falist einstæð gæfa. Það hafi styrkt útflutninginn. Rétt er að gengishrunið færði krónur frá almenningi til útflutningsfyrirtækja. En hagtölur sýna að á tíma vinstri stjórnarinnar var framlag útflutnings til hagvaxtar samt neikvætt. Efnahagsáætlun-

in sem birtist í fjárlagafrumvarpi nýrrar stjórnar boðar ekki neina breytingu að þessu leyti á næstu árum.

Kenningin stóðst ekki af því að gengið ræður ekki nema að svo litlu leyti vaxtarmöguleikum stærsta hluta útflutningsframleiðslunnar og vöxtur nýrra greina er takmarkaður með ógjaldgengri mynt. Fyrir vikið hefur mistekist að gefa mönnum vonir um að unnt sé að bæta samkeppnishæfni landsins svo að auka megi til muna sjálfbæra verðmætasköpun.

Er bábiljan þess virði?

Að öllu þessu virtu hefur verið ljóst í all nokkurn tíma að rétt væri að skoða kerfisbreytingu í peningamálum. Skoðanakannarnir sýna að meirihluti þjóðarinnar vill ekki útiloka þann möguleika. Jafnvel VG er opið fyrir því. Samfylkingin og Björt framtíð eru fylgjandi breytingum. Og landsfundur Sjálfstæðisflokksins ályktaði um nauðsyn þess að kanna þá kosti.

Eigi að síður eru allar kerfisbreytingar í peningamálum útilokaðar eftir kosningarnar á líðnu vori. Þjóðin er því föst í pólitískri bóndabeygju. Fimmta utan að komandi innspýtingin er ekki

í sjónmáli. Góð ráð eru því dýr. Hlutfallslega eigum við næstmesta lífeyrissparnað í heimi. Nú þegar allt um þrýtur beinast augu manna að honum.

Ein af forsendunum fyrir því að hleypa megi kröfuhöfnum úr landi er að festa lífeyrissjóðina varanlega í höftum. Þeim er ætlað að fjármagna ríkissjóð með lítilli ávöxtun. Það er kallað eftir lífeyrissparnaðinum til að leysa hallarekstur húsnæðiskerfisins. Og sú fjárfestingarhugmynd kviknar tæpast að ekki þyki sjálfsagt að breyta lögum til að lífeyrissjóðirnir geti tekið meiri áhættu en markaðurinn metur skynsamlega.

Ef við neyðumst til að veikja lífeyrissparnaðarkerfið eða láta það mynda nýja eignabólu í steinsteypu og hlutabréfum hefur það svipuð áhrif á þjóðarþúskaðinn eins og það virkar á búskap kartöflubóndans að éta útsæðið. Þessi ógn er raunveruleg.

Eina leiðin til að verja þennan mikilvæga sparnað er að opna fyrir fjárfestingar í raunverulegum gjaldmiðlum. Fullreynt er að það gerist ekki nema með nýrri mynt. En vegna bábilju gegn kerfisbreytingum í peningamálum stöndum við nú andspænis þeirri freistingu að byrja að éta útsæðið. Er bábiljan þess virði?

BROSTE COPENHAGEN ER KOMIÐ Í HÖLLINA!

20% KYNNINGARAFSLÁTTUR UM HELGINA



GLÆSILEG OG VÖNDUÐ SMÁVARA FRÁ BROSTE – MIKIÐ ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ

BROSTE SMÁVARA

BROSTE GJAFASKJUR



BROSTE LUKT

Hæð: 46 cm.
Kynningarverð: 10.392 kr.
Margar stærðir og gerðir.



BROSTE MÁLMVASI

Stærð: 31 cm.
Kynningarverð: 10.392 kr.



BROSTE KARAFLA

Handblásið gler.
Kynningarverð: 2.712 kr.

BROSTE GLAS

Handblásið gler.
Kynningarverð: 952 kr.



Kynningarverð 792 kr.



Kynningarverð 1.192 kr.



BROSTE GJAFASKJA

Ilmkerti, húsilmur og ilmurtir.
Kynningarverð: 2.554 kr.

BROSTE LEIRVARA

Bolli, skál, hliðar- og matardiskur. Fjórir litir. Blátt, grágrænt, ljósbrúnt og beige.



Kynningarverð 1.192 kr.



Kynningarverð 1.752 kr.



BROSTE GJAFASKJA

Ilmkerti 3 gerðir.
Kynningarverð 4.472 kr.



BROSTE STIGI

Bambusstigi
Hæð: 200 cm.
Kynningarverð: 6.392 kr.

BROSTE KERTI



BROSTE KERTI ótal litir, mjög margar stærðir og gerðir. Kynningarverð frá 143 – 2.392 kr.



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

HÚSGAGNAHÖLLIN · Bíldshöfða 20 · Reykjavík · **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17
OG Dalsbraut 1 · Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10-18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

Færum vináttu Kína og Íslands í hærra hæðir

Dagana 26. – 28. október nk. mun hið fagra Ísland bjóða velkominn í opinbera heimsókn varaforsætisráðherra ríkisráðs Kína, Ma Kai. Hann kemur hingað til lands í boði Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra Íslands. Þessi heimsókn er fyrsta heimsókn eins af nýju leiðtogum Kína til Íslands eftir að leiðtogaskipti áttu sér stað innan miðstjórnarinnar í Peking og sömuleiðis fyrsta heimsókn eins af leiðtogum Kína til Íslands eftir stjórnarskipti á Íslandi.

Jafnframt hefur jafn valdamikill leiðtogi Kína ekki heimsótt Ísland það sem af er þessu ári. Því er um mjög merkilegan viðburð að ræða. Ma Kai varaforsætisráðherra er vel menntaður á sviði stjórnmála og efnahagsmála. Hann hefur mikla reynslu af grasrótarstarfi og er jafnframt mjög reynslumikill þegar kemur að stjórn efnahagsmála á vegum miðstjórnarinnar. Í langan tíma gegndi hann starfi skrifstofustjóra ríkisráðsins og sýndi í störfum sínum þar einstaka leiðtogafileika í að miðla málum og leiða saman ólík sjónarmið. Í dag hefur hann að mestu málefni iðnaðar, samgangna og fjármála í Kína á sinni könnu og gegnir því gríðarlega mikilvægu hlutverki í framtíðarþróun efnahagsmála og samfélags í Kína.

Aukið samstarf

Íslensk stjórnvöld telja heimsókn Ma Kai varaforsætisráðherra mjög mikilvæga og hafa undirbúið hana

UTANRÍKISMÁL



Ma Jisheng sendiherra Kínverska alþýðveldisins á Íslandi

→ Í Kína segir gamalt orðatiltæki: Eftir því sem vinir færast nær eykst vináttan.

af mikilli kostgæfni. Bæði forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, og forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, munu hitta Ma Kai meðan á heimsókn hans stendur og eiga viðræður við hann. Samræður leiðtoga landanna munu snúast um hvaða leiðir ný stjórnvöld í báðum löndum hafi til að efla áfram mjög svo vinsamleg samskipti ríkjana og koma þeim í ennþá hærra hæðir.

Með sanni má segja að heimsókn Ma Kai varaforsætisráðherra að þessu sinni sé til að auka samræður á milli landanna með það að markmiði að auka skilning og vináttu alþýðu beggja ríkja sem leiða mun af sér aukid samstarf. Í Kína segir gamalt orðatiltæki: Eftir því sem vinir færast nær eykst vináttan. Heimsókn Ma Kai varaforsætisráðherra mun auka tengsl á æðstu stöðum beggja ríkja og efla samskipti á meðal almennings til aukins skilnings. Þannig styrkist þráðurinn er tengir þjóðirnar saman og gefur af sér aukid samstarf tveggja góðra vina til hagsbóta báðum aðilum og friði í heiminum.

Það er einlæg ósk mín að heimsókn Ma Kai varaforsætisráðherra til Íslands megi takast vel í alla staði og ég er sannfærður um að gestrisni Íslendinga og fögur náttúra landsins muni skilja eftir ljúfar minningar í huga hans.

Eru skapandi greinar réttlaugar?

Að undanförunu hefur talsvert verið rætt um mikilvægi lista og skapandi greina í íslensku efnahagslífi, aðallega í tengslum við niðurskurð fyrirhugaðra fjárveitinga til Kvikmyndasjóds. Aukin vitund er um efnahagslega þýðingu þessara greina fyrir samfélagið, ekki síst eftir að ítarleg kortlagning benti til að velta skapandi greina hefði verið um 190 milljarðar króna árið 2009, og hærra en margra annarra mikilvægra greina, svo sem byggingariðnaðar og landbúnaðar. Ársstörf eru talin um tíu þúsund.

Með þessari kortlagningu er þó aðeins reynt að meta efnahagslegt vægi þess sem við getum kallað innlenda framleiðslu og nálgast matið meðal annars út frá skattskyldri veltu. Hér á landi er umfangsmikil verslun og þjónusta með erlend hugverk sem veitir mörgum atvinnu, t.d. stór hluti af starfsemi sjónvarpsstöðva og kvikmyndahúsa.

Þá blasir við að hér á landi fer fram umfangsmikil ólögleg starfsemi, sem grefur undan löglegri starfsemi, sem veitir atvinnu, greiðir skatta og skyldur og rís undir margvíslegum kröfum samfélagsins um þýðingar, hljóðsetningu, vernd ungmenna o.s.frv.

Samfélagslegir hagsmunir

Hér eru gríðarlegir samfélagslegir hagsmunir í húfi. Mikilvæg atvinnugrein fær ekki þrífist ef hún nýtur ekki réttarverndar á borð við aðrar. Íslensk tunga

HÖFUNDAR-RETTUR



Ari Edwald forstjóri 365 miðla

og menning eru í húfi ef kynslóðir vaxa upp fyrst og fremst við ótætað erlent efni. Og ríkissjóður verður af miklum tekjum, hvort sem efni er stolið án nokkurrar greiðslu, eða útlendum efnisveitum er greitt fyrir þjónustu sem er ólögleg hér á landi og stendur ekki skil á neinu gagnvart íslensku samfélagi.

Netflix er dæmi um þjónustu sem ekki er boðin löglega hér á landi, eins og þeir komast strax að sem reyna að skrúfa sig beint frá Íslandi. Þrátt fyrir það eru dæmi um að hérlendir lögaðilar hvetji almenning til að finna hjáleidir til að svindla á skatti og réttihöfum.

Íslensk stjórnvöld hafa fram til þessa sýnt ótrúlegan sofandahátt gagnvart þeim vandamálum sem hér eru á ferðinni, þótt margt bendi til að þjófnadur á höfundaréttarvörðum hugverkum og ólögleg dreifing á þeim sé um þessar mundir umfangsmesti vettvangur efnahagsbrota í íslensku samfélagi. Fyrir utan allan annan skaða. Nýlega sóttu t.d. fulltrúar saksóknara og lögregluembættta frá öllum Norðurlöndum öðrum en Íslandi ráðstefnu um vernd hugverka í Hörpunni. Áhuga- og framtaksleysi íslenskra refsivörsluaðila er skandall.

Hugarfarsvandir

Þegar undirritaður hóf störf í stjórnarráðinu fyrir um aldarfjórðungi síðan, þótti ekki tiltekumál þótt ólöglegan hugbúnað væri að finna á tölvum ríkisins. Það hefur sem betur fer breyst.

→ Netflix-þjónustan er ekki boðin löglega hér á landi, en dæmi um að hérlendir lögaðilar hvetji almenning til að finna hjáleidir til að svindla á skatti og réttihöfum.

Hugarfarsvandinn varðandi þjófnad á hugverkum almennt virðist þó jafnvel enn djúpstæðari í dag en áður var með tölvuhugbúnaðinn. Lögreglustjóri eða skólustjóri sem staðnir yrðu að umfangsmiklu búðarhnupli myndu örugglega þurfa að segja af sér embætti. En hvað myndi gerast ef þeir yrðu uppvisir að enn umfangsmeyra hnupli á talsettum bíómyndum í netheimum?

Eins og ýmsir listamenn hafa bent á að undanförunu, er enginn eðlismunur á því að stela sköpunarverkum þeirra í netheimum og því t.d. að stela málverkum af veggjum heimila. Hvort tveggja er afbrot.

Stjórnmalamenn geta rifist um það hvort ríkisstyrkur til kvikmyndagerðar eða annarra skapandi greina verði meiri eða minni á þessu jörfímabili en því síðasta. En það er alveg öruggt að það skiptir engu máli ef framleiðsluvörurnar eru réttlaugar. Ef hver sem er getur stóllt sköpunarverkinum án þess að nokkrum vörnum verði við komið. Þá líður framleiðslan undir lok og allt heilbriggt atvinnulíf á þessu sviði.

Smakkaðu nýju laktósafríu mjólkurvörurnar frá Örnun

Fást nú víða um land



Arna ehf. Mjólkurvinnslan í Bolungarvík

www.laktósafrítt.is

Um vísindarannsóknir og fjárfestingar

Framlagi samfélagsins til grunnrannsóknna er oft líkt við kaup á happadrættismiða sem mögulega geti skilað fjárhagslegum ávinningi í framtíðinni. Oft heyrst talað um „fjárfestingu til framtíðar“ og á slík samlíking vissulega rétt á sér í mörgum tilfellum. Hitt vill þó stundum gleymast að vísindarannsóknir eru einnig atvinnugrein sem skilar þjóðarþínu umtalsverðum gjaldeyrstekjum ár hvert í formi rannsóknastyrkja úr erlendum vísindasjóðum. Rannsóknnaumsvif og erlent samstarf styðja einnig fjárhagslega við aðrar innlendar atvinnugreinar svo sem þjónustu- og ferðamannaíðnað.

Erlendar fjárfestingar í þekkingu

Undanfarið hefur mikið verið rætt um mikilvægi þess að laða til landsins erlent fjármagn í formi fjárfestinga. Slíkar fjárfestingar eru óneitanlega mikilvægar fyrir íslenskt atvinnulíf. Fjárfestingar eru þó almennt þess eðlis að sá sem fjárfestir ætlast til þess, til lengri eða skemmri tíma, að ávaxta sína fjárfestingu og fá þannig meira fé út en lagt er inn. Fjárhagsleg ávöxtun vel heppnaðra erlendra fjárfestinga rennur þess vegna, a.m.k. að hluta, út úr landinu aftur, eins og forsætisráðherra hefur nýverið bent á.

Vísindarannsóknir sem stundaðar eru á Íslandi laða í auknum mæli að sér erlent fjármagn þar sem vinnuafli vísindamanna er nýtt til að skapa nýja þekkingu. Ólíkt hefðbundnum fjárfestingum þá er ný þekking eina afurðin sem ætlast er til að slíkar fjárfestingar skili. Fjárfestingar erlendra aðila í vísindarannsóknnum á Íslandi eru því ónæmar fyrir gjaldeyrishöftum og án fjárhagslegrar ávöxtunar- eða endurgreiðslukröfu. Þar að auki eru niðurstöður rannsókna í flestum tilfellum gerðar opinberar og gagnast því öllum sem geta nýtt sér þær.

VÍSINDI



Kristján Leósson vísindamaðurur

Á árinu 2012 öfluðu vísindamenn Háskóla Íslands 1.400 milljóna króna úr erlendum rannsóknasjóðum, um 350 milljónir runnu til Hjartaverndar, 300 milljónir til Matis og svo mætti lengi telja. Hér eru svo ótaldir gjaldeyrstekjur og umsvif vegna ferðamanna sem hingað koma í tengslum við alþjóðlegar vísindaráðstefnur og fundi.

Hvers vegna Ísland?

Það er alls ekki sjálfgefið að erlendir aðilar kjósi að kosta rannsóknastarf á Íslandi. Nóg er af hæfum rannsakendum um allan heim. Í sumum tilfellum eru rannsóknir framkvæmdar á Íslandi vegna ákveðinnar sérstöðu lands eða þjóðar, t.d. landfræðilegrar legu, jarðfræðilegrar gerðar, stærðar (smæðar) samfélagsins, bókmenntasögu eða annarra þátta. Rannsóknir íslenskra vísindamanna eru styrktar af erlendum sjóðum þegar þær þykja leiðandi á heimsvísu enda er samkeppni um alþjóðlega styrki mjög hörð. Árangur í slíkri samkeppni er heldur ekki sjálfgefinn, hann byggist á því að hér á landi hafi vísindamenn traustan grunn að byggja á. Gott dæmi er rannsóknaverkefni um „Innviði eldfjalla“ sem nýlega hlaut öndvegisstyrk úr Rannsóknasjóði Vísinda- og tækniráðs sem nam um 25 milljónum króna á ári í 3 ár. Í framhaldi af þeirri styrkveitingu fengu forsvarsmenn verkefnisins, í samvinnu við innlenda og erlenda vísindamenn, 950 milljóna króna styrk frá Evrópusambandinu til að byggja upp Future-Volc-rannsóknasetrið. Þar af munu yfir 300 milljónir renna beint inn í íslenskt hagkerfi, m.a. í formi launa og rekstrarkostnaðar. Innlent rannsóknafé var lykilmáttur í að tryggja verkefninu margfalt meira fjármagn úr erlendum sjóðum.

→ Það er alls ekki sjálfgefið að erlendir aðilar kjósi að kosta rannsóknastarf á Íslandi. Nóg er af hæfum rannsakendum um allan heim.

Skilaboðin

Í ræðu á Alþingi 15. október 2009 sagði núverandi fjármálaráðherra: „Tekjur ríkisins má auka með tvennum hætti fyrst og fremst. Annars vegar með því að tryggja aðgerðir sem munu efla skattstofnana, koma atvinnulífinu aftur af stað og tryggja að ný störf verði til. Nokkur þúsund ný störf stórbæta afkomu ríkissjóds [...] Ekki bara í nýjum sköttum frá einstaklingum heldur vegna þess að við mundum spara okkur alls konar félagslegar bætur [...] Áherslan hlýtur því að vera á að skapa ný störf sem auka verðmætaframleiðslu í landinu.“

Fyrirnefndar tölur um erlenda rannsóknastyrki samsvara nokkrum hundruð störfum í hreinni þekkingarsöpun sem kostuð eru af erlendu fjármagni. Slíkur rannsóknastörfum hefur fjölgað verulega hér á landi á undanförunum áratugum og tengja má þá fjölgun beint við aukin rannsóknnaumsvif innanlands. Fyrirhugaður niðurskurður fjárveitinga ríkisins til samkeppnissjóða hefur því bein áhrif, til lengri og skemmri tíma, á möguleika okkar til að afla þeirra erlendu fjárfestinga sem skila hvað mestu á hverja krónu til þjóðarþúsins.

Skilaboðin til þeirra sem umboð hafa til að ráðstafa skattfé almennings eru því skýr: Stuðningur við innlendar rannsóknir og efling þeirra gæti skilað þjóðarþínu milljörðum í beinar gjaldeyrstekjur á komandi árum – til viðbótar við önnur jákvæð hagrenn og menningarleg áhrif – auk möguleikans á því að tryggja okkur nokkra vinningsmiða í happa-drættinu.



20% afsláttur um helgina

Heimilistæki • Smáraftæki • Búsáhöld



Electrolux



Electrolux



Electrolux



Electrolux



Russell Hobbs



Russell Hobbs



BRENN

Jólamarkaður Skútuvogi

JÓLA OG GJAFAVARA Á NIÐURSETTU VERÐI
RÝMUM TIL FYRIR NÝJUM JÓLAVÖRUM!



ERIKUR
3 stk.

999

ALLIR
HAUSTLAUKAR
30%
afsláttur
lau-sun

LAGER
HREINSUN
JÓLA &
GJAFAVARA



blómaval



HÚSAMÍÐJAN

HLUTI AF BYGMA

Verslun Húsasmiðjunnar og Blómavals
Skútuvogi lokar kl 18:00 í dag, laugardag,
vegna árshátíðar starfsfólks.

-allt fínt fyrir jólin

Úrval og verð miðast við verslun Húsasmiðjunnar í Skútuvogi og gilda til 27 október eða á meðan birgðir endast.

HELGIN

Andri Snær Magnason rithöfundur

Styrkir Hraunavini

Laugardagurinn verður eflaust nokkuð rólegur. Hins vegar ætla ég á styrktartónleika Hraunavina á sunnudag klukkan 4 í Neskirkju. Þar koma fram margir finir tónlistarmenn. Ég held að þar verði margir—enda eru óþörf og dýr eyðilegging á verðmætri náttúru og harkaleg meðferð á umhverfisverndarfólki mikilvægt mál-efni sem allir ættu að styðja.



Sveinn Kjarval samfélagshönnuður

Fer létt með Tabata

Ég fer á hádegisæfingu í Mjölni til að sýna Jóni Viðari hversu létt ég fer með Tabata æfingarnar hans. Í kvöld borða ég hrygg. Eftir viku vinnuferð til Vegas eyði ég restinni af helginni í faðmi fjölskyldunnar. Eða spila tölvuleiki.



Melkorka Árný Kvaran framkvæmdastjóri

Marapón og dans

Í dag er planið að hlaupa í haustmarapóninu og horfa á frumburðinn keppa í danskeppni. Í kvöld fer ég í útskriftarveislu til góðrar vinkonu og morgundagurinn fer í málningarvinnu vegna yfirvofandi flutninga.



Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur

Útivist alla helgina

Ég ætla að stunda útivist alla helgina í Hornafirðinum með börnunum mínum þremur. Í dag ætlum við að ganga um í Hoffellsdal í Nesjum á morgun í Kolgrafardal á Mýrum.



ELDKLERKURINN Sigrún Valbergsdóttir leikstýrir verkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Forsýning í Hallgrímskirkju:

Möguleikhúsið sýnir Eldklerkinn

Leiklist Möguleikhúsið heldur forsýningu á Eldklerknum, einleik um líf Jóns Steingrímssonar, á morgun klukkan 16. Sýningin, sem ætluð er fullorðnum, er nýtt íslenskt leikverk sem byggt er á ævisögu Jóns sjálfs og riti hans um Skaftárelda, Eldritinu. Verkið verður svo frumsýnt á Kirkjubæjarklaustri næsta föstudag, 1. nóvember, klukkan 20.30.

Leikverkið byggist að mestu á skrifum Jóns, en um leið veur það spurningar um hliðstæður við hamfarir af völdum manna og náttúru sem yfir þjóðina hafa dunið á síðustu árum.

Höfundur handrits og leikari er Pétur Eggerz, leikstjóri er Sigrún Valbergsdóttir, leikmynd gerði Rósa Sigrún Jónsdóttir, búninga gerði Thelma Björnsdóttir og hljóðmynd er eftir Guðna Franzson.



ELSKU PAPPÍ Davíð Örn Halldórsson opnar sýningu í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Davíð Örn Halldórsson:

Opnar sýningu í Poku

Myndlist Myndlistarmaðurinn Davíð Örn Halldórsson opnar sýningu sína Elsku pappi í Poku, í kjallara Hríms hönnunarhúss á Laugavegi 25, í dag klukkan 16.

Eins og nafnið gefur til kynna er pappi undirstaðan í verkunum á sýningunni. Hann er ýmist grófur eða fínn, fundinn eða keyptur og misvirðulegur. Hluti af sýningunni eru teikningar sem Davíð vann fyrst í vikulangri vinnulotu fyrir Drake Hotel í Toronto. Davíð Örn Halldórsson útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2002 og hefur síðan haldið fjölda einkasýninga og tekið þátt í samsýningum hér á Íslandi og víða erlendis.

Bjóða upp á sojakjötsúpu á Skólavörðustígnum

Ólafur Stefánsson í heilsubúðinni Góð heilsa gulli betri býður upp á valkost fyrir þá sem ekki borða kjöt á Kjötsúpudeginum en hann er haldinn hátíðlegur í dag á Skólavörðustígnum.

Kjartan Guðmundsson
kjartan@frettabladid.is



Kjötsúpudagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur á Skólavörðustígnum síðustu tíu árin og hefur verið alveg frábær skemmtun.

Núna langaði okkur að bjóða líka upp á kjötsúpu fyrir þá sem geta ekki borðað kjöt af einhverjum ástæðum,

segir Ólafur Stefánsson sem rekur heilsubúðina Góð heilsa gulli betri á Njálsgötu og samt bróður sínum, Stefáni Inga Stefánssyni. Nágrannar þeirra bræðra á Skólavörðustígnum, verslunar- og fyrirtækjaeigendur, sauðfjárbændur og fleiri, bjóða gestum og gangandi upp á íslenska kjötsúpu í dag og nefna uppátækið Kjötsúpudaginn. Þetta er ellefta árið sem blásið er til slíkra hátíðahalda og hyggjast Ólafur og Stefán taka virkan þátt í þeim í ár. „Við erum í sjónlínu frá Skólavörðustíg, á horni Njálsgötu og Klapparstígs, og finnum lyktina vel,“ útskýrir Ólafur.

Ófugt við hina sem bjóða upp á kjötsúpu með gamla, góða lambakjötinu ætla bræðurnir Ólafur og Stefán Ingi að framreiða kjötsúpu með sojakjöti fyrir áhugasama í miðbænum í dag. „Bróðir minn hefur verið grænmetisæta í nítján ár og saknar þess stundum að borða gamaldags íslenskan mat. Hugmyndin með sojakjötsúpunni okkar er sú að það sé alveg hægt að búa til fyrirtakskjötsúpu á þennan hátt. Við viljum alls ekki traðka á tánun á kjötframleiðendum heldur einungis benda á að þetta sé hægt, en þetta tákna ekki endalok lambakjötsins,“ segir Ólafur og hlær. „Ég hugsa að þeir sem borða kjöt gætu haft gaman af því að bera saman súpuna okkar og þessa sigildu. Eflaust munu einhverjir verða lítið hrifnir, en sumir finna alls engan mun.“

Sjálfur segist Ólafur vera á mörkum þess að vera grænmetisæta. „Í rauninni reyni ég að lágmarka kjötátið og hugsa mikið um hvaðan kjötið sem ég læt ofan í mig kemur. Íslenska lambakjötið finnst mér til dæmis frábært, en ég fæ mér ekki hamborgara þegar ég er í Bandaríkjunum. Ég þæli mikið í sjálfbærni,“ segir Ólafur.



KJÖTSÚPUDAGURINN Ólafur Stefánsson býður gestum og gangandi upp á sojakjötsúpu í tilefni Kjötsúpudagsins á Skólavörðustíg í dag. Guðný Jónsdóttir býr sojakjötsúpunni til. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Verk og viðburðir í Nýlistasafninu í kvöld

Öðrum hluta sýningarinnar Embracing Impermanence hleypt af stokkunum og bætt við inn í veturinn.

Karlotta Blöndal, Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Örn Alexander Ámundason og Þóroddur Bjarnason verða með viðburði og sýna verk sín í Nýlistasafninu á viðburðakvöldi sýningarinnar Embracing Impermanence frá klukkan 17 til 19 í dag. Sýningin var opnuð í lok september, en hún er í þremur köflum og er annar hluti hennar um helgina tileinkaður viðburðum og gjörningum.

Verkin á sýningunni Embracing Impermanence eiga inntak og ásjónu sína að sækja í hverfuleikann og eru valin út frá innri og ytri festum í starfsemi safnsins, safneigninni annars vegar og sýningarvettvanginum hins vegar. Á sýningunni eru verk úr safneign auk þess sem sýningarstjórar hafa

boðið völdum listamönnum að sýna ný verk sem innlegg og svörin við sýningarheildina.

Sýningin mun breytast yfir haustið og inn í veturinn þar sem sýningarstjórar munu bæta við sýninguna með hverfuleikann í huga. Embracing Impermanence er ætlað að veita innsýn í innviði safnsins og framtíð þess með því að setja fram nýja kynslóð listamanna sem endurspeglar tilbrigði við hugmyndina um tímenn, hver á sinn hátt. Verk þeirra undirstrika þannig róf hverfuleikans í bland við verk úr safneigninni þar sem listamenn voru á öðrum tíma að vinna tilbrigði við sama stef.

Sýningarstjórar eru Eva Ísleifsdóttir og Þorgerður Ólafsdóttir.



EMBRACING IMPERMANENCE Verkin á sýningunni eiga inntak og ásjónu sína að sækja í hverfuleikann og eru valin út frá innri og ytri festum í starfsemi safnsins.

MYNDINGVAR HÖGNI RAGNARSSON



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Ástarsögur af hvíta tjaldinu

Kvikmyndatónlist á rómantískum nótum

Fim. 7. nóv. » 19:30

Tónlist úr ýmsum kvikmyndum
Frank Strobel hljómsveitarstjóri

Í Eldborgarsal Hörpu

Á þessum tónleikum er rómantíkin í fyrirrúmi. Flutt verður kvikmyndatónlist úr mörgum frægum myndum á borð við Paradísarbióið, Á hverfanda hveli, Doktor Zhivago og Brokeback Mountain. Þetta er tónlist frá ýmsum tímum kvikmyndasögunnar sem á það sam-

Tryggið ykkur miða

eiginlegt að snerta streng í hjarta hlustandans. Þýski hljómsveitarstjórinn Frank Strobel stjórnar hljómsveitinni en hann hefur unnið með fjölda þekkra sinfóníuhljómsveita á þessu sviði. Tryggið ykkur sæti.



Aðalstyrktaraðili:



NÝTT Í HÖLLINNI!



2JA SÆTA SÓFI

149.990

FULLT VERÐ 169.990

3JA SÆTA SÓFI

189.990

FULLT VERÐ 209.990

LONDON – HORNSÓFI 2H2



LONDON hornsófi.
Slitsterkt áklæði grátt eða beige.
Stærð: 220x80 H: 88 cm.
Einnig fáanlegur í svörtu leðri.

309.990

FULLT VERÐ 359.990

DC 3600 – 3JA SÆTA SÓFI



DC 3600 3ja sæta sófi. Kóníaksbrúnt leður á slitflötum.
Stærð: 202x82 H: 85 cm.
Einnig fáanlegur 2ja sæta.
Fullt verð kr. 279.990.
Tilboðsverð 259.990

299.990

FULLT VERÐ 329.990

VERTU MEÐ OKKUR Á



KOMDU Í HÖLLINA EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á HUSGAGNAHOLLIN.IS

KATO – HORN-TUNGUSÓFI



Hauspúðar seldir sér.

KATO horn- tungusófi.
Grátt slitsterkt áklæði.
Stærð: 320/215x163 H: 78 cm.

299.990

FULLT VERÐ 349.990



HÚSGAGNAHÖLLIN

– fyrir lifandi heimili –

Skulda þjóðinni afsökunarbeiðni

Hannes Smárason er orðinn forstjóri systurfélags Íslenskrar erfðagreiningar og vonast til að geta gert íslensku samfélagi gagn. Hann segir viðskiptasögu sína ekki verri en margra annarra og að hún ætti ekki að koma í veg fyrir að hann stýri fyrirtæki af þessu tagi.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is



Af hverju geturðu ekki verið aðeins meira eins og Hannes Smárason?

Þessi spurning var síendurtekin í Áramótaskaupinu 2006, og þótt hún þætti fyndin var hún alls engin öfugmæli – fólk vildi raunverulega vera eins og Hannes Smárason, farsælasti viðskiptajöfufur landsins. Svo hrundi íslenska bankakerfið og allt í einu var ekki lengur jafn eftirsóknarvert að vera eins og Hannes. Raunar voru fáir verr þokkaðir í samfélaginu en hann.

Kemur Íslandi vonandi til góða

Síðan eru liðin fimm ár og á þeim tíma hefur Hannes haft hægt um sig. Skyndilega er hann hins vegar aftur kominn fram á sjónarsviðið – nú er hann orðinn forstjóri NextCode Health, dótturfélags Amgen, sem í fyrra keypti Íslenska erfðagreiningu fyrir 52 milljarða króna.

„Þetta er nýtt sprotafyrirtæki,“ segir Hannes, sem fluttist búferlum til Boston í haust til að sinna starfinu. Fyrirtækið er í mjög tæknilegum rekstri og Hannes afsakar enskusletturarnar fyrir fram. Það reynist óþarfi því að honum tekst ágætlega að koma orðum að því um hvað verkefnið snýst: „Fyrirtækið sérhæfir sig í að aðgerðagreina einstaklinga – það reynir með öðrum orðum að komast að því hvaða sjúkdóma viðkomandi eigi á hættu að fá. Slík greiningarvinna er að breytast umtalsvert, það er mun meira af gögnum og upplýsingum sem hægt er að vinna úr til að komast að betri niðurstöðu og við ætlum að hjálpa stórum sjúkrahúsum og öðrum sem veita lækniþjónustu að sinna slíkri greiningarvinnu.“

Hann kveðst vonast til þess að starfsemi fyrirtækisins geti komið Íslandi til góða – það muni vinna með Íslenskri erfðagreiningu og þegar fram í sækir geti það vonandi stuðlað að áframhaldandi uppbyggingu íslensks tækniiðnaðar. Þá nefnir hann einnig gagnahýsingu sem viðskiptavinir félagsins muni hafa mikla þörf fyrir.

Hannes vann í líftæknigeiranum á sínum tíma og segist hafa haldið góðu sambandi við þá fjárfesta sem standa að baki NextCode Health. „Þetta er svið sem ég hef verið að færa mig aftur inn á síðustu tvö, þrjú ár. Ég kom aðeins nálægt því í fyrra þegar Decode var selt og þetta óx áfram í framhaldinu af því.“

Kom þinn gamli samstarfsmaður, Kári Stefánsson, að því að því að útvega þér þetta starf?

„Nei, hann kom ekki beint að því, alls ekki. Við höfum átt mjög gott og farsælt samstarf í mörg ár og hann kom að samningum sem við þurfum að gera til að fá nauðsynleg leyfi – hans aðkoma var aðallega á þeim grunni.“

Fyrst Hannes nefnir þátttöku sína í sölu á Íslenskri erfðagreiningu í desember í fyrra er ekki úr vegi að spyrja hann um fréttir þess efnis að hann hafi fengið 20 milljónir fyrir ráðgjöf við sölu.

„Ég vil í sjálfu sér ekkert tjá mig um það – ég var að sinna þarna ákveðnu ráðgjafarhlutverki og hjálpaði til við tæknilegar útfærslur og annað. Var það ekki Mark Twain sem sagði að sögur af andlátum hans hefðu verið stórlega ýktar? Ætli það sé ekki eins með þetta – sögur af einhverjum himinháum greiðslum til mín út af þessu eru stórlega ýktar.“

Ekki með verri sögu en aðrir

Hannes hlær þegar hann er spurður hvort viðskiptasaga hans gefi tilefni til þess að honum sé treyst til að stýra fyrirtæki af þessu tagi.

„Já, já, ég held að hún gefi alveg tilefni til þess. Ég veit ekki til þess að ég eigi verri sögu en margir aðrir. Auðvitað var ég virkur þátttakandi í íslensku viðskiptalífi í mörg ár og áberandi sem slíkur. Klárlega var margt af því sem þar viðgekkst eitthvað sem menn myndu ekki endilega endurtaka, en engu að síður voru menn ósköp einfaldlega að vinna eftir þeim lögum og reglum sem giltu á



TAPAÐI MIKLU Hannes segist ekki vera eignamaður í dag, hann hafi enda tapað miklu í hruninu. „Og þetta er svo sem engin keppni um það hver tapar mestu – það tapa bara allir miklu.“

MYND/RICHARD PASLEY

þeim tíma og ég tel mig hafa haldið mig algjörlega innan þeirra marka, þannig að það er svo sem ekkert í því sem ætti að vera því til fyrirstöðu.“

Þótt Hannes segist ekki eiga verri sögu en aðrir er vert að geta þess að FL Group setti Íslandsmet í tapi árið 2007 undir stjórn Hannesar – tapaði 67,3 milljörðum.

„Það sem byrjaði að gerast árið 2007 var gríðarlega hröð lækun á eignum og vissulega skilaði það sér í tapi, en þetta er eðli viðskipta, þegar verð sveiflast þá hækkar virði eigna og lækkar. Það áttu sér stað gríðarlegar lækkunar og leiðréttingar á öllum eignum í heiminum og augljóslega tapast þá miklir fjármunir,“ segir Hannes og bætir við að persónulega hafi hann líklega tapað jafnmiklu eða meiru en flestir, bæði sem einstaklingur og í gegnum fyrirtæki sem hann tengdist.

Hannes viðurkennir að menn hafi gengið of hratt um gleðinnar dyr í góðærinu og hefðu átt að vanda sig betur, hins vegar hafi Ísland bara lent á vegg á undan öðrum. „Ef við horfum á þá fjármuni sem þurftu að dæla inn í bankakerfi heimsins getum við séð að nánast hvert einasta bankakerfi var byrjað að ríða til falls á þessum tíma,“ segir hann. Ísland hafi hins vegar verið eitt og afskipt í að takast á við vandann.

Gerði ekkert rangt

Braustu lög í viðskiptum þínum?

„Það tel ég mig ekki hafa gert. Ég fylgdi öllum þeim lögum og reglum sem voru ríkjandi á þeim tíma sem ég átti í þessum viðskiptum. Hins vegar er þetta alltaf þannig að menn geta gert mistök, en mistök og lögbrot eru ekki sami hluturinn og það er lykilatriði.“

Engu að síður eru yfirvöld með mál tengd Hannesi til rannsóknar, til dæmis skattamál FL Group og grunsemdir um að FL Group hafi í raun greitt þrjú af þeim fjórum milljörðum sem Fons Pálma Haraldssonar reiddi fyrir flugfélagið Sterling árið 2005. Millifærsla út úr FL Group í tengslum við það leiddi til þess að nokkrir stjórnarmenn félagsins og forstjórinn Ragnhildur Geirsdóttir hættu. Hannes segist ekki búast við því að nokkuð verði úr þessum málum.

„Ég hef engar forsendur til að ætla það.

„Ég hef ekki gert neitt rangt í þeim viðskiptum sem ég hef stundað, ég hef þvert á móti reynt að haga hlutunum þannig að sem flest sé uppi á borðinu.“

Ég veit ekki til þess að ég hafi brotið nein lög á einum eða neinum stað – þess vegna kæmi það mér á óvart. Ég hef ekki gert neitt rangt í þeim viðskiptum sem ég hef stundað, ég hef þvert á móti reynt að haga hlutunum þannig að sem flest sé uppi á borðinu.“

Hannes segist sýna því skilning að verkefni sem sérstakur saksóknari og aðrir sem rannsaka bankahrunið standa frammi fyrir séu stór og tímafrek, og það er ekki að heyra á honum að hann sé reiður yfir því að sæta slíkri skoðun, ólíkt mörgum í hans sporum.

„Það þjónar afskaplega litlum tilgangi að vera reiður yfir hlutum sem maður hefur ekkert um að segja. Ég get örugglega verið mjög reiður og sár á slæmum degi, en það hefur bara ekkert upp á sig. Það þarf að nálgast þessa hluti af æðrulleysi og reyna að breyta þeim hlutum sem maður getur breytt og sætta sig við þá sem maður getur ekki breytt.“

Hann segist ekki hafa leitt hugann að því hvort mögulegar ákærur í málum hans kunni að hafa áhrif á störf hans fyrir NextCode Health.

„Það hefur ekkert verið rætt. Þetta er bara einkafyrirtæki í eigu erlendra aðila með starfsemi fyrir utan Ísland þannig að ég veit ekki hversu mikið menn eru að fókusera á það sem er að gerast uppi á Íslandi.“

Allir brugðust trausti

Þá er það klassíska spurningin: Skuldardu íslensku þjóðinni afsökunarbeiðni?

„Eflaust geri ég það. Það fylgir því mikil ábyrgð að vera framarlega í viðskiptalífinu og það getur enginn verið ánægður með það hvernig fór fyrir Íslandi, alveg sama hvernig þú snýrð hlutunum. Í því sambandi skulda ég þjóðinni auðvitað afsökunarbeiðni – sem og bara allir sem voru í viðskiptalífinu, stjórnarmálum og reglugerðabatterfinu. Það fólk brást því trausti sem því hafði verið sýnt í sínum stöðum.“

Ef þú horfir hins vegar á mína sérstöku stöðu þá var ég farinn út úr viðskiptum töluvert áður en þessir atburðir áttu sér stað þannig að ég var ekki á þeim tíma í lykilstöðu til að hafa nein áhrif á gang mála, sem er miður.“

Hannes segir nefnilega að það hefði vel verið hægt að draga úr tjóninu á árinu 2008. Hann hafi í viðtali við Morgunblaðið í árslok 2007 sagt að fram undan væru miklir endurskipulagningartímar fyrir skuldsett íslensk félög, en menn hafi hins vegar vonað að dýfan mundi jafna sig eins og árið 2006. „En svo gerðist það ekki. Þetta var kolvitlaus nálgun, í stað þess að hanga á eignum hefðu menn einfaldlega þurft að fara í skipulega eignasölu og ná efnahagsreikningnum niður. Þetta eru stóru mistökkin sem áttu sér stað á Íslandi að mínu viti.“

Er enginn eignamaður í dag

Hvað hefurðu verið að gera undanfarið fimm, sex ár?

„Það er ekkert sérstakt sem hægt er að tiltaka. Ég hef sinnt hinum ýmsu ráðgjafarverkefnum og átt aðkomu að fjölmörgum viðskiptum úti um allan heim. Ég er svo heppinn að vera með mjög gott tengslanet utan Íslands, ég bjó í Bandaríkjunum í tíu ár og er búinn að stunda alþjóðaviðskipti frá því að ég var mjög ungur. Þannig að það hefur ekki verið neinn skortur á verkefnum.“

Hannes sagðist áðan hafa tapað meiru en flestir á hruninu. Er hann á flæðiskeri staddur?

„Ég var með vinnu – það er fyrsta skrefið. Ég er enginn eignamaður í dag, ef þú ert að spyrja um það. Ég sé fyrir mér með þeim verkefnum sem ég tek að mér og er mjög sáttur við það. Og þetta er svo sem engin keppni um það hver tapar mestu – það tapa bara allir miklu. Þegar fór að halla undan fæti lagði ég hins vegar mikið á mig til að koma með verðmæti inn í þá banka sem ég átti mest viðskipti við, og á sama tíma og kerfið ríðaði til falls þá var ég að borga peninga inn í bankana en ekki taka þá út. Það eru kannski ekki margir sem vita það.“

Sérðu fyrir þér að koma aftur til Íslands?

„Það er svo sem ekki í spilunum akkúrat núna. Það verður bara að koma í ljós. Ég horfi ekki mikið lengra en á þetta verkefni sem er komið upp núna. Ef það er eitthvað sem maður er búinn að læra þá er það að reyna ekki að spá langt fram í tímann.“



Reitir varðveita ásýnd og sögu borgarinnar

Reitir eru stærsta fasteignafélag landsins á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis. Við leigjum út yfir 130 eignir af öllum stærðum og gerðum. Með vönduðu viðhaldi á eignum varðveitum við sögu borgarinnar, gefum henni fallega ásýnd og sköpum um leið góðan vinnustað fyrir þig og þína.

REITIR

Velkomin til starfa



BROSTNAR VARNIR Þingvallavatn flæðir hér í gegnum rofið varnarþil og ofan í aðrennslisgöngin.



MÓTIÐ SKAUST ÚT Hér er horft niður að Úlfjótavatni, sennilega ofan við munn aðrennslisganganna. Sívalningurinn á miðri myndinni var notaður sem eins konar steypumót í göngunum og spýttist út með vatnsflaumum. Hann var sennilega um sex til sjö metrar á lengd.



STRAUMPUNGI Vatnsmagnið í Soginu margfaldaðist þegar varnarstíflan við Þingvallavatn brast. Þessi mynd er frá Ljósafossvirkjun, neðar í ánni.



EYÐINGARKRAFTUR Hér sést gjörla hinn gríðarmikla kraftur sem var í flóðinu þar sem það streymir út um munn aðrennslisganganna og niður í Úlfjótavatn. Stöðvarhúsið er hér í forgrunni.



Kristján Júlíus Finnbogason (1928-1983) tók meðfylgjandi myndir á AGFA-myndavél. Hann var vélstjóri hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur við Írafossvirkjun neðar í Soginu á árunum 1956 til 1962 og hefur því annaðhvort verið í nágrenninu þegar ósköpin riðu yfir eða komið þangað skömmu síðar.



FLÆDDI UM ALLAR HÆÐIR Þrjár neðstu hæðirnar á stöðvarhúsinu fylltust af vatni þegar flaumurinn var sem harðastur.



HVÍTFYSSANDI Vatnsflaumurinn umvafði stöðvarhúsið sem var langt komið í byggingu.

Hamfarirnar festar á filmu

Nýlega fundust áður óbirtar myndir frá hamfaraflóðinu sem varð 17. júní 1959 þegar Þingvallavatn braust í gegnum varnarþil og óð beljaði yfir framkvæmdasvæði virkjunar í Sogi. Gríðarmiklar skemmdir urðu og var þetta atvik talið mesta tjón sem orðið hafði við mannvirkjagerð hér á landi.

Porgils Jónsson
thorgils@frettabladid.is



Vatnsaflsvirkjanir í Soginu mörkuðu tímamót í orkumálum þjóðarinnar. Þegar Ljósafossvirkjun var fyrst gangsett árið 1937 var framboð rafmagns á höfuðborgarsvæðinu tvöfaldað. Ljósifoss er við útfall Úlfjótavatns en Írafossvirkjun var gangsett neðar í ánni 1953.

Fjórum árum síðar hófust framkvæmdir við þriðju Sogsvirkjunina, við Efra-Fall í suðurhluta Þingvallavatns, en áður en þeirri framkvæmd var lokið varð þar mikið tjón þegar Þingvallavatn braut sér leið í gegnum varnarþil og beljaði hömlulaust niður í Úlfjótavatn.

Í Morgunblaðinu var talað um að þetta væri mesta tjón sem orðið hefði við nokkra mannvirkjagerð hér á landi, enda var vatnspunginn gríðarlegur.

Nýlega fundust merkilegar ljósmyndir sem teknar voru rétt eftir að flóðið gekk yfir og sýna vel hverslags hamfarir var

um að ræða. Myndirnar tók Kristján Júlíus Finnbogason sem var vélstjóri við Írafossvirkjun á þessum tíma.

Varnarþil rofnaði í aftakaveðri

Framkvæmdir við virkjunina hófust í ágúst 1957. Boruð voru aðrennslisgöng niður í gegnum Dráttarhlíð að Úlfjótavatni. Þar var svo búið að grafa fyrir jöfnunarþró og stöðvarhúsið var í byggingu þegar þjóðhátiðardagurinn rann upp árið 1959.

Aftakaveður hafði þá geislað úr norðri daginn og nóttina áður og Þingvallavatn hafði barið á varnargarði sem reistur hafði verið framan við göngin. Snemma að morgni 17. júní sáu þeir verkamenn sem enn voru uppi á vinnusvæðinu að ágangur vatnsins var með þeim ósköpum að jarðvegssuppfylling handan járnþils var farin að skolast í burtu. Þrátt fyrir að allt kapp væri lagt í að lagfæra skemmdirnar var það til lítills og loks lét þilið undan skömmu fyrir hádegi og vatnið flæddi óhindrað í gegn, niður í jarðgöngin og út fyrir neðan.

Vatnsflaumurinn skall með fullum þunga á stöðvarhúsinu sem þá var í byggingu og flæddi inn á neðstu þrjár hæðirnar. Ekkert manntjón varð, en það mátti litlu muna. Samkvæmt blaðfréttum þess tíma var

URRIÐINN VAR 40 ÁR AÐ NÁ SÉR AFTUR



MEÐ 29 PUNDA URRIÐA Í ÖXARÁ Össur Skarphéðinsson segir að Þingvallaurriðinn hafi ekki náð sér fyrr en eftir aldamót.

Þegar varnarstíflan ofan við Sog brast árið 1959, varð sem betur fer ekki mannskaði, en áhrifin á lífríki Þingvallavatns voru gifurleg, sérstaklega á urriðastofninn sem svo gott sem hvarf úr vatninu um áratugaskeið. Össur Skarphéðinsson, stjórnmalamaður og lífeðlisfræðingur, er sérfróður um Þingvallaurriðann og segir að stofninn hafi í raun ekki náð sér fyrr en upp úr síðustu aldamótum.

„Ég man sjálfur eftir þessu því að ég var þarna sex ára gamall og foreldrar mínir áttu sumarhústað í Miðfellslandinu. Vatnsyfirborðið lækkaði um einhverja tvo metra og það var eins og útfiri langt út frá bakkanum. Seiði lágu þarna dauð í hrönnum og þetta hafði auðvitað mikil áhrif á alla stofna og lífríki í vatninu mörg ár á eftir.“

Össur segir að þegar vatnsbylgjan reid yfir árfarveg Efra-Sogs hafi hún hrífsað með sér grófa mól af botninum, þar sem stærsti urriðinn hafi átt hrygningarstöðvar. Össur segir hrun urriðans hafa haft mikil áhrif á lífríkið í vatninu, enda var urriðinn þar efstur í fæðukeðjunni.

Hann telur að áhrifa flóðsins hafi gætt allt fram yfir árið 2000, en þá hafi urriðinn komist aftur af stað með sleppingum.

einn verkamaður hætt kominn þar sem hann stóð neðan við þilið þegar það brast og þrír í viðbót voru staddir í stöðvarhúsinu að bjarga verðmætum tækjabúnaði. Allir sluppu þeir þó ómeiddir.

Gangsett fyrir árslok 1959

Gríðarmiklar skemmdir urðu á mannvirkjunum þar sem straumurinn hrífsaði meðal annars með sér sjö lítill vinnuskýli, nýsteypit íbúðarhús gjöreyðilagðist og heljarmikill krani fór veg allrar veraldar. Brak og fleira skolaði niður með Soginu og lýsti tíðindamaður Vísis því þannig að heilu húsmænarnir hefðu staðið upp úr ánni.

Viðgerðir hófust fljótlega þar sem tekið var að fylla í skarðið í varnarveggnum sem var á bilinu tíu til fimmtán metrar og tókst að koma í veg fyrir vatnsrennslíð nokkrum dögum síðar.

Virkjunin, sem var nefnd eftir Steingrími Jónssyni rafmagnsstjóra Reykjavíkur, hlaut nafnið Steingrímsstöð. Hún var svo tekin í gagnnið í desember sama ár og hefur hún þjónað sínum tilgangi síðan og skilar nú 122 gígavatnsstundum á ári og þjóðhátiðardagurinn afdrifaríki er einungis minning, en myndir eins og þær sem Kristján tók og fylgja hér með, munu lifa.

→ „Var alltaf mikill myndasmiður“

„Pabbi var alltaf mikill myndasmiður,“ segir Jóhannes Kr. Kristjánsson fréttamaður en hann fann myndirnar í slides-myndasafni föðurs síns heitins.

„Hann tók mikið af myndum til dæmis með AGFA colour vél og líka kassamyndavélum. Hann tók einmitt mikið af slides-myndum á þessum árum og eftir hann liggur heimikið safn af myndum, bæði úr vinnuumhverfi hans og líka fjölskyldumyndum. Þetta eru fleiri þúsundir mynda sem ég hef verið að dunda mér við að fara í gegnum. Svo rakst ég nýlega á þessar myndir, þessar hamfaramyndir, en ég vissi ekkert hvað var þar í gangi, nema að þetta tengdist Soginu. Svo fór ég að gúgla mig áfram og fann blogg-færslu eftir Einar Sveinbjörnsson veðurfræðing þar sem hann fjallar um veðurofann sem orsakaði þetta allt saman. Ég hringdi þess vegna í Einar sem saup hreinlega hveljur þegar hann sá þessar myndir.“



ÞÚ VELUR LENGRI LEIÐINA HEIM

NÝR VOLVO XC60



Njóttu ferðarinnar til botns í einstakri hönnun og skandinavískum lúxus. Margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi er staðalbúnaður í Volvo XC60. DSTC stöðugleikastýrikerfið leiðréttir mistök í akstri og CTC beygjuspólvörnin gerir þér kleift að taka beygjur á meiri hraða, með aukinni mýkt og öruggar en áður. Veghæðin er heilir 23 cm undir lægsta punkt.

**HEIMILIÐ ER EKKI LENGUR ÞINN EINI GRÍÐARSTAÐUR. NÚ ER BÍLLINN ÞAÐ LÍKA.
LIFÐU Í LÚXUS - VELDU VOLVO.**



**VOLVO XC60 AWD
VERÐ FRÁ 8.990.000 KR.
VOLVO.IS**

**KOMDU OG SKOÐAÐU NÝJU VOLVO 60 LÍNUNA Í BRIMBORG Í DAG.
UPPLIFÐU NÝJAN VOLVO XC60, VOLVO S60 OG VOLVO V60.
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.**

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7000 | volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 163 hö, tog 420 Nm, sjálfstíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,8 l/100 km. CO₂ 179 g/km. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

GETUR ALVEG LEIKIÐ ILLMENNI

Ólafía Hrönn Jónsdóttir er kona ekki einhöm. Hún er jafnvíg á að leika konur og karla, syngur, malar og semur tónlist, skýtur hreindýr og eldar ofan í börnin sín. Á miðvikudaginn sjáum við hana í öðru hlutverki vetrarins í Þjóðleikhúsinu, Maude Gutman í Pollock. Ólafía Hrönn var reyndar húsmóðir í BNA um tíma en segir þá reynslu nýtast lítið við túlkun á Maude.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Pað er vígaleg kona sem arkar inn í Kassa Þjóðleikhússins þar sem við höfum mælt okkur mót einn eftirmiðdag í vikunni. Ólafía Hrönn er svartgölluð frá toppi til tár með völdugan mótörhjálm á höfði og skyggnið niðri. Hún ferðast um á bensínvespu en viðurkennir að hugur hennar stefni hærra og hana dreymi um alvöru mótörhjóla þegar hún verði stór.

Eftir að við höfum komið okkur þægilega fyrir, kaffið er komið í bollana og segulbandið í gang, spyr ég Ólafíu Hrönn hvernig standi á því að flestir líti á hana sem gamanleikkonu þrátt fyrir að hún sé alveg jafn oft í dramatískum hlutverkum. „Ég er oftast í dramatískum hlutverkum í leikhúsinu en meira í gríninu í bíómyndum og sjónvarpsþáttum sem er auðvitað það sem flestir sjá. Maður getur leikið í leikhúsinu í þrjátíu, fjórutíu ár án þess að nokkur hafi hugmynd um hver maður er, en ef þú ferð í bíómyndirnar kannast allt í einu allir við þig. Ungu fólkið þekkir mig til dæmis best sem Guggu í Dagvaktinni.“

Hvað fannst þér um þann karakter? „Þegar ég las handritið hugsaði ég bara: Æi, strákar mínir, viljiði nú hafa einhverja graða kerlingu sem langar alveg sjúklega í ykkur? Mér fannst þetta ekkert eftirsóknarvert hlutverk og setti upp svimandi háar kaupkröfur sem þeir, næstum því því miður, gengu að. Þannig að ég seldi mig!“

Ólafía Hrönn upplýsir að hún hafi verið fastráðin við Þjóðleikhúsið í 22 ár. „Ég útskrifaðist úr Leiklistarskólanum 1987 og fékk strax hlutverk í Síldin kemur og síldin fer hjá LR. Eftir það var ég mikil að leika á barnaheimilum og í frjálsum leikhópum en þremur árum eftir útskrift bauðst mér fastur samningur bæði hjá Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu. Ég hugsaði sem svo að þar sem ég hefði þegar leikið fyrir Borgarleikhúsið væri nú sniðugt að prófa hitt, tók samninginn við Þjóðleikhúsið og hér er ég enn.“

Húsrúin og harðjallinn

Ólafía Hrönn tók sér reyndar frí frá leiklistinni um tíma og flutti til Bandaríkjanna í hálf tón, hvað var hún að gera þar? „Ég fór bara með fyrrverandi mannum mínum, sem var þar að læra byssumíði, og gerðist settleg heimavinnandi húsrúin í Pittsburgh. Það var ótrúlegt hvað maður datt fljótt inn í það að hafa gaman af því að skoða kjaftablöð, horfa á sjónvarpið og fara í mollið að versla. Þetta var á þeim dýrðar-árum þegar dollarinn var í sextíu krónum og mér fannst það alltaf vera meira háttar búbot að versla til heimilisins, naut mín bara í botn í þessu hlutverki.“

Líf leikkonunnar á Íslandi er öllu hektískara. Auk þess að leika flest kvöld vikunnar treður hún upp á tónleikum með mismunandi hljómsveitum og skemmtir á árs hátíðum

og kvennaskemmtunum. Hún á þrjú börn og tvö þeirra búa enn þá heima og eins og góðri móður sæmir er hún auðvitað með stöðugt samvisku-bit yfir því hvað hún vinnur mikið. Hún segir mér til dæmis í trúnaði að hún hafi eldað kvöldmatinn fyrir þau áður en hún kom að hitta mig í leikhúsinu því hún þurfi að vera þar á æfingu til tíu um kvöldið. Hún var í fimm sýningum í fyrra, er í þremur sýningum í vetur og syngur með þremur hljómsveitum, er einhver tími fyrir áhugamála? „Söngurinn er náttúrulega númer eitt fyrir utan leikhúsið, það er eiginlega það skemmtilegasta sem ég geri, bara að æfa, tónleikar eru aukaatriði, þótt það sé auðvitað gaman líka. Svo fer ég í golf og í skotveiði, hef skotið gæsir og meira að segja eitt hreindýr. Það var reyndar alveg hræðilega sorglegt, en ég var samt voðalega montin yfir að hafa tekist það.“

Konur fá minni séns

Hefurðu alltaf verið strákastelpa? „Já, ætli það ekki bara. Þegar ég var að alast upp í Fossvoginum var ég alltaf í fótbolta með strákunum og lék mér eiginlega bara við stráka. Átti eina svona kunningjavinkonu, það var eiginlega eina stelpa sem ég lék mér eitthvað við.“

Ólafía Hrönn hefur raunar tekið strákinn í sér alla leið og hefur komið fram sem alteregóið Hannes í sketsum og sýningum með Smára Halldóru Geirharðsdóttur og leikhópnum Þörupiltum. „Við Dóra erum búnar að vera að leika þessa karla alveg frá 1992, held ég, þegar við vorum fengnar til að vera með sketsa í Dagsljósi í Sjónvarpinu. Mér fannst þetta rosalega spennandi og fyndið og eftir að við hættum í Dagsljósi komum við oft fram sem Hannes og Smári á skemmtunum. Síðan fóru Þörupiltar í gang og við fórum á námskeið hjá Maríu Pálsdóttur. Við það breyttust karakterarnir svolítið, við fórum meira í grunnflyinginn. Okkur langar alveg rosalega að gera bíómynd með þessum karakterum, erum búnar að semja alveg bjútifúl handrit en það vill enginn líta við því, þótt allir segi að þetta sé fínasta handrit. Ég held það sé af því við erum konur, mér finnst þær fá minni séns. Strákar mega gera grín í sjónvarpinu eins og þeim sýnist en það er stigið á bremsurnar og engir sénsar teknir þegar konur eiga í hlut. Ég vona bara að einhver kvikmyndagerðarmaður lesi þetta viðtal, stökkvi til og vilji endilega gera bíómyndina okkar.“

Lærum af körlunum

Ólafía Hrönn segir að það að leika Hannes hafi styrkt hana heilmikið sem leikkonu. Þetta sjálfs-traust sem karlmönnum virðist í blóð borðið smitist yfir í kvæðilið í henni og hún þori mikið meira síðan Hannes kom til. „Ég hef alltaf verið hræðilega feimin og óttast að fólk líki ekki vel við mig ef ég stend á skoðunum mínum, en körlum er skítsama um það. Þeim finnst þeir bara æðislegir og láta engan segja sér annað. Það er hrikalega gott fyrir egóið að láta sér líða þannig og Hannes hefur oft hjálpað mér við að standa með sjálfri mér.“



ÓLAFÍA HRÖNN „Það er stigið á bremsurnar og engir sénsar teknir þegar konur eiga í hlut.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MAUDE GUTMAN OG POLLOCK

Í Pollock eftir Stephen Sachs leikur Ólafía Hrönn Maude Gutman, fyrrverandi barþjón sem býr í hjólhýsi og uppgötvar að málverk sem hún keypti á flóamarkaði gæti hugsanlega verið eftir Jackson Pollock og fær listfræðing til að meta það. Hvernig karakter er þessi kona?

„Hún er rosalega hrein og bein og talar áður en hún hugsar. Er ansi klár, en þínu skemmd af fortíðinni. Hún er ekki að sækjast eftir peningunum fyrir myndina, hún vill bara fá viðurkenningu og að sannleikurinn nái fram að ganga. Að henni takist einu sinni að standa algjörlega með sjálfri sér.“

Ólafía segir sögupráð verksins ansi spennandi, en hún geti ekki ljóstrað neinu upp um hann. „Þetta er eins og að fylgjast með réttarhöldum, upplýsingarnar raðast saman smátt og smátt og maður sveiflast á milli þess að halda með honum eða henni. Svo er þetta bara vel skrifað verk, eiginlega algjörlega skothelt. Ég hlakka mikið til að sýna það.“

Það hefur verið mikið í umræðunni undanfarið að Kristín Jóhannesdóttir hafi sagt í sjónvarpi að engin íslensk leikkona væri nógu mikið illmenni til að leika Bernhördu Alba, hvað finnst þér um þau ummæli? „Ég held hún hafi nú bara verið að grínast. Það er nóg af konum sem geta alveg leikið illmenni. Ég gæti það til dæmis vel. Konur fara samt öðruvísi að því að vera vondar, eru meira í baktjaldamakki og bakstungum en karlarnir.



Í KARAKTER Ólafía Hrönn í hlutverki Maude Gutman í Pollock.

Þetta er allt svo líkamlegt hjá körlunum og uppi á yfirborðinu, ég held við gætum lært heilmikið af þeim hvað það varðar.“

Spurð þeirrar klisjulegu spurningar hvort aldrei hafi komið annað til greina en að verða leikkona svarar Ólafía Hrönn að, nei, innst inni hafi hana sennilega aldrei langað í annað starf. „Þegar ég sá leiksýningu í fyrsta skipti, skólaleiksýningu í Réttarholtsskóla þegar ég var krakki, þá varð ég fyrir mjög

sterkri upplifun og það rann upp fyrir mér ljós. Því laust niður í höfðið á mér að þetta væri eitthvað sem ég gæti. Ég var alveg sannfærð um það. Auðvitað átti ég síðan ýmis efasemdatímabil um að mér tækist að verða leikkona og hafði til vara að verða myndlistarmaður, gullsmiður eða sálfræðingur. En ég hef samt aldrei efast um að það hafi verið rétt val að fara í leiklistina og á sennilega bara eftir að standa herna á sviðinu í 22 ár í viðbót.“

6th
sense[®] INDUCTION

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE



SPANSUÐU BYLTINGIN: BESTA ÚTKOMA Í MATAGERÐ Á HELMINGI STYTTRI TÍMA

Nýji Whirlpool 6th SENSE spansuðu ofninn kynnir til sögunnar alveg nýja aðferð við matagerð sem vekja mun aðdáun matargesta þinna og gera lífið einfaldara. Umbreytir notkun hefðbundinna ofna með nýrri 6th SENSE spansuðu tækni sem skilar þér matarréttum sem eru fullkomlega brúnaðir að utan en jafnt matreiddir að innan á helmingi styttri tíma. Þetta er gert mögulegt með byltingarkenndum spansuðu bakka sem staðsettur er innan í ofnrýminu, sem inniheldur sérstaka spansuðu pönnu. Útkoman? Þú getur matreitt eins og meistarakokkur en sparað um leið allt að 50% orkunnar*. Byltingin er hafin, með ótrúlega einstökum ofni.



*Sé spansuðu tæknin notuð, samanborið við Whirlpool ofn án spansuðu tækninnar og með forhitun.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT



Vnr. 65105754
Hitablásari, 2000W, 22V.

1.990 kr.



Vnr. 42378561
TRISTAR rafmagnsofn, 1500W.

4.990 kr.

Vnr. 54203837
Halogen kastari,
400W, IP44.

5.990 kr.



VERÐVERND BYKO
**LÆGRA
VERÐ**



Vnr. 42310833/5
Ullarsokkar,
stærð 36-45.

990 kr.



Vnr. 93955318
WAVE vettlingar úr
kálfaskinni, 08

1.850 kr.



Vnr. 55629790
SONNECK rúðuskafa
og kústur fyrir bílinn.

1.290 kr.



Vnr. 55629788-9
SONNECK rúðuskafa
fyrir bílinn.

Verð frá:
590 kr.



Vnr. 42310683-1061
Kuldagalli, blár eða
svartur, stærðir S-XXXL.

11.990 kr.

ÓDÝR UNDIRFÖT ÚR MERINOULL



Vnr. 42311025-2064
Undirföt, fyrir börn
og fullorðna.

Verð frá:

2.990 kr./stk.



Vnr. 55629783
SONNECK snjóskúffa, svört.

1.290 kr.

Vnr. 55900147
NORLAND snjóskúffa með
tréhandfangi, 26 cm.

1.990 kr.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabreyting. Allar vörur fást í BYKO Bæjeld en minna framboð getur verið í töðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.



Vnr. 74804113
BAVARIA rafhlöðuborvél
14,4W.

2.990 kr.

REYNSLA OG ÞJÓNUSTA



BYKO

BÚÐU BETUR. BORGÐU MINNA.



Vnr. 42303619
Hálkusalt, 4 kg.
590 kr.



-15°

Vnr. 42375935
BLÁTIN rúðuvökvi,
3 l, poki.
499 kr.



Vnr. 42376665
Trappa með
tveimur þrepum.

3.990 kr.

ÞVOTTAPAKKI FYRIR BÍLINN

- Bílasápa (dugar í 30 þvotta)
- Microfiber klútur
- Rúðuklútar (20 stk.)
- Tveir svampar




Vnr. 42379199
Bílaþvottasett.

1.990 kr.

KYNNING Á NANO-LAUSNUM Í BYKO BREIDD

Umhverfisvæn og hættalaus allsherjarvörn.
Verðu stein, gler, keramik, málma, timbur,
byggingar, föt og margt fleira.
Einfalt í notkun og frábær ending.
Kynntu þér NANO4LIFE
í BYKO Breidd í dag frá kl. 12-15.



facebook.com/BYKO.is

Ósamstíga ríkisstjórn í skuldamálum

Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, segir að skuldaleiðréttingin sé jafn mikið vandamál fyrir núverandi ríkisstjórn eins og ESB-málið var fyrir síðustu stjórn. Hann segir óréttlátt að nota mögulegt svigrúm til að lækka skuldir afmarkaðs hóps.

Höskuldur
Kári Schram

hoskuldur.schram@frettabladid.is



Það er vilji allra flokka að vinna áfram í skuldamálum heimilanna en ég held að það sé vaxandi vitneskja og skilningur á því að það var mjög mikið gert á síðasta kjörtímabili. Miklum peningum, tíma og orku var varið í þetta verkefni og það náðist árangur," segir Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður og formaður Bjartrar framtíðar. Hann telur hugmyndir Framsóknarflokks um flata niðurfellingu skulda óréttlátar.

„Greining Seðlabankans sýnir að hún kemur aðallega þeim til góða sem skulda mikið en eiga jafnframt mikið. Við eigum ekki að hafa áhyggjur af þeim sem eiga mikið þó þeir skuldi mikið. Sérstaklega ef þeir eru ekki í greiðsluvanda. Markaðurinn mun leysa þetta mál fyrir þennan hóp. Eigur þeirra vaxa í verði og þeir hafa ýmsa möguleika til þess að vinna úr sínum málum. Ég held að það sé mjög mikilvægt að halda í þá megin stefnu að fólk beri ábyrgð á sínum fjármálum. Síðan höfum við hóp sem er einfaldlega kominn á þann stað að hann getur ekki greitt neitt af húsnæði. Þetta er hópurinn sem er hjá Umboðsmanni skuldara. Skuldaleiðréttingin mun ekki hjálpa þessu fólki, ekki neitt," segir Guðmundur.

Fjárlagafrumvarpið biðleikur

Ríkisstjórnin hefur þótt vera ósamstíga þegar kemur að yfirlýsingum vegna boðaðra skuldaaðgerða. Guðmundur segir augljóst að málið sé umdeilt innan ríkisstjórnarflokksanna.

„Það er öllum ljóst að flokkarnir eru ekki samstíga. Ég veit stundum ekki hvernig róttækustu hugmyndirnar um skuldaleiðréttinguna eiga að komast í gegnum þingið. Ekki út af stjórnarandstöðunni heldur einfaldlega vegna þess að ég sé ekki eininguna innan stjórnarflokksanna um þær aðgerðir. Mér finnst stundum eins og þetta skuldaleiðréttingamál sé fyrir þessari ríkisstjórn eins og ESB-umsóknin var fyrir síðustu ríkisstjórn. ESB var vissulega í stjórnarsáttmálanum en það var engin eining um málið. Sama virðist gilda um skuldamálið. Þetta er bara mín kenning en mér finnst að stjórnarflokkarnir eigi eftir að vinna úr þessu," segir Guðmundur.

Guðmundur segir tilgangslausu að fara í víðtækar skuldaleiðréttingar

→ GUÐMUNDUR STEINGRÍMSSON

MENNTUN Stúdentspróf MR 1992. BA-próf í íslensku og heimspeki frá HÍ 1995. Framhaldsnám í heimspeki við kaþólska háskólann í Leuven, Belgíu, 1996-1997. Meistarapróf í heimspeki frá Uppsalaháskóla í Svíþjóð 1998. Meistarapróf í heimspeki frá Oxfordháskóla í Bretlandi 2001. Stundar framhaldsnám í hagfræði við HÍ.

HELSTU STÖRF Blaðamaður meðfram námi á Tímanum og DV. Starfandi tónlistarmaður í hljómsveitinni Skárren ekkert, síðar Ske, frá 1992. Dagskrárgerðarmaður í hlutastarfi á Ríkisútvarpinu 1998-2005. Starfsmaður í almannatengslum á auglýsingastofunni ABX 2002. Blaðamaður á Fréttablaðinu 2003-2004, pistlahöfundur þar 2003-2009. Dagskrárgerðarmaður á Skjá 1 og sjónvarpsstöðinni Sírkus 2004-2006. Aðstoðarmaður borgarstjóra 2007-2008. Sjálfstæður atvinnurekandi á sviði textagerðar og hugmyndasmíði fyrir auglýsingar, almannatengsl og ráðgjöf af ýmsu tagi 2004-2009.

STJÓRN MÁLAPÁTTAKA Formaður stúdentaráðs Háskóla Íslands 1995-1996. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði 1994-1996. Varþingmaður Samfylkingarinnar 2007 og 2008. Þingmaður Framsóknarflokks 2009-2011. Formaður Bjartrar framtíðar síðan 2012. Þingmaður Bjartrar framtíðar síðan 2013.

BIÐLEIKUR „Mér finnst fjárlagafrumvarpið vera einhvers konar biðleikur. Það er farið í tekjuöflun sem getur ekki staðist til framtíðar," segir Guðmundur Steingrímsson um fyrsta fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar.

án þess að fyrir liggi framtíðarstefna í efnahags- og gjaldmiðlamálum.

Hann segir að flokkurinn muni þó ekki reyna að koma í veg fyrir að skuldaaðgerðirnar nái fram að ganga.

„Við stundum ekki þannig pólitík. Við höfum sagt það alveg skýrt. Við munum ekki reyna að stoppa þetta. Við stundum pólitík með rökum og upplýsingum og munum fara í ræðustól og segja okkar skoðun. Við hlustum líka á rök og upplýsingar annarra. Við höfum hins vegar ekki séð hvernig á að framkvæma þessar aðgerðir og það er erfitt að tala um eitthvað sem við höfum ekki séð. Nú er ég bara að tala um þessa hugmynd um flata niðurfellingu. Sú hugmynd að setja 300 milljarða í að lækka höfuðstól skulda sumra heimila hugnast mér engan veginn," segir Guðmundur.

Guðmundur segist hafa orðið fyrir vonbrigðum með fyrsta fjár-

lagafrumvarp ríkisstjórnarinnar. „Mér finnst fjárlagafrumvarpið vera einhvers konar biðleikur. Það er farið í tekjuöflun sem getur ekki staðist til framtíðar. Eins og skattur á þrotabú gömlu bankanna. Þetta er augljóslega ekki framtíðarskattur. Við ætlum ekki að hafa hér viðvarandi þrotabú gamalla banka á Íslandi. Þessi tekjustofn getur í mesta lagi staðið í nokkur ár. Svo er farið í tekjuskattlækkun sem birtist mér sem redding og svo er skilmálum skuldabréfs milli Seðlabankans og ríkisins breytt.“

Guðmundur kallar eftir róttækri endurskipulagningu ríkisfjármála. „Við þurfum að setja allt undir. Við þurfum að hugsa hvernig við ætlum að efla fjölbreytileika í atvinnulífni og skapa meiri tekjur.“

Táknræn skattalækkun

Guðmundur nefnir heilbrigðis- og skólamálið í þessu samhengi. „Við þurfum að beina fólki í ódýrari úrræði í heilbrigðiskerfinu sem virka jafn vel og núverandi úrræði. Þar er heilsugæslan og uppbygging hennar lykilatriði ásamt hjúkrunarrými til að létta álaginu af þessum dýrari úrræðum sem eru inni á spítalanum. Það þarf að fara í þetta af fullum krafti. Í menntakerfinu sjáum við mikið brottfall nemenda sem segir okkur að við séum ekki að nýta fjármuni nægilega vel. Við þurfum að auka sveigjanleika í menntakerfinu til þess að fá meira út úr því. Ég er t.d. hlynntur því að stytta nám til stúdentsprófs," segir Guðmundur.

Hann segir nauðsynlegt að endurskoða landbúnaðarkerfið sem nú fær tólf milljarða á ári frá ríkinu. „Þetta er stór útgjaldaliður og við verðum einfaldlega að fara í það að stokka þetta upp. Við verðum að fara í samræðu við bændur um það. Vilja þeir virkilega hafa þetta svona? Viljum við ekki meiri fjölbreytni í atvinnumálum úti á landi?“

Tekjuskattshlutfallið í miðþrepi verður lækkað um 0,8 prósent samkvæmt fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Ríkið verður

af fimm milljörðum króna vegna þessa. Guðmundur segir að betra sé að hætta við þessa skattalækkun og nota peningana til að styrkja heilbrigðiskerfið.

„Eins mikið og ég tel að það sé mikilvægt að lækka álögur á almenning þá finnst mér þessi 0,8 prósent tekjuskattlækkun á almenning vera einungis táknræn. Við þurfum að forgangsráða. Hér þarf að líta yfir sviðið. Heilbrigðiskerfið er algjörlega fjársvelt sem birtist einna best í stöðu Landspítalans eftir rosalega erfið ár. Við þurfum að beina sjónum okkar að þessari þjónustu. Koma henni á réttan kjól og finna fjármögnun fyrir nýjan spítala. Biða með þessa skattalækkun þó ekki væri nema að hluta til þess að mæta þessum bráðavanda.“

Guðmundur telur að ríkið þurfi að horfa til annarra tekjustofna til að draga úr tekjuskatti á fyrirtæki og almenning.

„Stundum er eins og þingmenn séu hræddir við tekjur. Við sitjum á stórum auðlindum. Sjávarútvegur t.d. skilar arði og þar á sér stað rökraða um það hver sé réttlát skipting arðsins. Ríkið má aldrei taka allan arðinn enda verður fólk að fá að njóta þess að vera í sjávarútvegi. En auðlindin er líka í eigu þjóðarinnar. Mér finnst hafa myndast samhljómur um að það sé réttlátt að partur af þessum arði renni til ríkissjóðs. Ég held að það sé hægt að ná inn meiri tekjum þar. Við erum líka of feimin við að ná inn tekjum af erlendum ferðamönnum. Svo eru það orkuauðlindirnar. Alla 20. öldina var það stefnan að selja orkuna ódýrt og fá stóra kaupendur – núna eigum við að hætta þeirri stefnu og Landsvirkjun er búin að segja það í mörg ár. Núna eigum við að fá kaupendur að orku sem fer jafnvel um sæstreng og eru reiðubúnir að borga hátt verð fyrir þessa vöru.“

Krónan efnahagsvandamál

Guðmundur hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar á Alþingi um mótun stefnu til framtíðar í gjaldmiðlismálum. Sjálfur vill hann að

„Sú hugmynd að setja 300 milljarða í að lækka höfuðstól skulda sumra heimila hugnast mér engan veginn.“

Ísland taki upp evru og segir að krónan komi í veg fyrir að hægt sé að bæta lífsskjör hér á landi. „Við sjáum það í bókhaldi fyrirtækja að hér eru vextir af háir. Hér er erfitt að bæta lífsskjör vegna þess að verðbólgan er of mikil. Fyrirtæki geta ekki greitt stóra gjalddaga á erlendum lánum öðru vísi en að gengi krónunnar þátti. Það leiðir til þess að lán heimilanna hækka og fjárhagur versnar. Við erum föst í gildru með krónuna. Ef ríkisstjórnin vill halda í krónuna þá viljum við í Bjartri framtíð að það sé gert á grunni gjaldmiðlastefnu og að hún sé þá rökstudd með tilliti til nokkurra þátta. Eytur gjaldmiðlastefnan frelsi í viðskiptum? Bætir hún lífsskjör? Gerir hún hagstjórn auðveldari og minnkar hún kerfisáhættuna?“

Vill seinka klukkunni

Þingflokkur Bjartrar framtíðar hefur lagt fram þingsályktunartilögu um að færa til staka frídaga svo úr verði þriggja daga helgi. Þá hyggst þingflokkurinn einnig leggja fram tillögu sem felur í sér að klukkunni verði seinkað um eina klukkustund. Guðmundur lagði fram slíka tillögu á síðasta kjörtímabili og hyggst gera það aftur. „Við stillum klukkuna vitlaust á Íslandi. Hádegis er á vitlausum tíma og þar af leiðandi er alltof mikið myrkur á morgnana. Lýðheilsurannsóknir sýna að þetta eykur þreytu og jafnvel þyngsl í sálinni og kemur sérstaklega illa niður á unglíngum," segir Guðmundur.

visir.is

Viðtalið við Guðmund er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is**.

KOLAPORTIÐ

Kolaportíð er opið laugardaga og sunnudaga frá kl. 11-17



Tryggvagötu 19 • 101 Reykjavík
Sími 562 5030 • www.kolaportid.is

GERÐU ÞÍNA EIGIN VERÐ- KÖNNUN!


netto
Kræsingar & kostakjör

Samkvæmt vörukörfu ASÍ
frá október 2013, hefur
vöruverð Nettóverslana
ekki hækkað frá október 2012



Vörugarfa ASÍ

Verðbreytingar frá viku 37 árið 2012
til viku 40 árið 2013





SÖNGKONAN „Það skemmtilegasta sem ég geri er að syngja með mínum gömlu félögum sem ég hitti oft. Í mínum huga eru þeir alltaf strákarnir,“ segir Helena.

MYND/AUBUNN NIELSSON

Gott að horfa á gullnu skýin

Helena Eyjólfsdóttir hefur sungið opinberlega í 60 ár. Hún heldur tónleika norðan og sunnan heiða í tilefni af útgáfu bókarinnar *Gullin ský* sem snýst um ævi hennar, ást og söng en líka erfiðleika vegna veikinda eiginmannsins.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Sakleysislegar snjóflygsur falla tignarlega til jarðar í logninu á Akureyri þegar flugvélin lendir. Það er mikil tilhlökkun fyrir manneskju sem ólst upp við söng Helenu Eyjólfsdóttur í óskalagabáttum útvarpsins að hitta hana í eigin persónu. Hún býður mér brosandí í bæinn og á stofuborðinu liggur bókin um hana, *Gullin ský*, sem sögu-ritarinn, Óskar Þór Halldórsson, var að koma með glöðvolga úr prentsmiðjunni. Við flettum bókinni með lotningu, skoðum myndirnar og rifjum upp lög sem Helena gerði vinsæl því textarnir eru birtir aftast í bókinni. Þeir fjalla nánast allir um ást. Hún hlær þegar ég spyr hvort hún trúir á ástina. „Já, svo sannarlega. Gerir þú það ekki líka?“ svarar hún að bragði.

Æfði í kjallarakompu

Rúm 60 ár eru frá því Helena kom fyrst fram syngjandi. Nú er hún að undirbúa tvenna stórtónleika í kvöld á Græna hattinum, í tilefni af útkomu bókarinnar. Þeir seinni byrja klukkan ellefu svo hún verður að fram á nótt en hún er ekki óvön því. Meðan ballmenningin var í mestum blóma söng hún fyrir dansi öll kvöld vikunnar nema miðvikudagskvöld. Hún ætlar að endurtaka tónleikana í Súlnasalnum 9. nóvember og slá þar upp balli á eftir. Með henni á báðum stöðum er úrvalslíð hljóðfærleikara og söngvara.

Helena var barnastjarna. Hún hóf söngnám nú ára hjá Guðrúnu Pálsdóttur, ekkju Héðins Valdimarssonar. „Guðrún bjó í flottu húsi við Sjafnargötuna og ég labbaði til hennar tvisvar í viku úr Stórholtinu. Mér fannst ég komin í höll, þegar ég kom til hennar. Hún kenndi

mér í þrjá vetur og tók ekki krónu fyrir.“ Meining Guðrúnar var að gera óperusöngkonu úr Helenu enda kveðst Helena oft hafa æft óperuariur í kjallarakompu, þar sem hún taldi að enginn heyrði til, en síðan hafi dægurlagasöngurinn heillað og haldið henni fanginni upp frá því.

Eilíf sæla

Helena ólst upp í Reykjavík hjá góðum en fremur fátækum foreldrum, ásamt tveimur systur, en faðir hennar dó þegar hún var tíu ára og yngsta systirin þriggja. „Pabbi var plötu- og ketilsmiður. Okkur var sagt að hann hefði dáðið úr lungnabólgu en ég hef grun um að það hafi verið einhver rafsudueitrun, hann varð alveg heiðgullur og þetta tók hann mjög hratt. Lát hans var reiðarslag fyrir okkur mæðgurnar.“

Sumarið eftir að faðir Helenu dó fór hún til föðurbróður síns og hans konu sem bjuggu á Akureyri. „Það átti að heita að ég væri að passa yngsta strákinn þeirra en auðvitað voru þau bara að létta undir með mömmu. Ég var ellefu ára og tók strax ástfóstri við Akureyri.“ Seinna náði Helena sér í akureyrskan pilt, Finn Eydal, sem bauð henni að koma norður að syngja með hljómsveit sem hann og bróðir hans Ingimar voru að stofna og hét Atlantic kvartett. Þá var hún sextán ára og sló til. „Þetta sumar, 1958, var eilíf sæla. Mér finnst alltaf hafa verið sól. Seinna fluttum við Finnur hingað þannig að ég er búin að búa hér mestan hluta ævi minnar,“ segir hún og augun tindra.

Nú vil ég vita hvar fundum hennar og Finns bar saman. „Finnur var að spila með Hljómsveit Svavars Gestis í Sjálfstæðishúsinu í Reykjavík sem er Nasa núna. Ég var einu sinni að syngja þar á árshátíð. Þá kom hann til mín á eftir og spurði hvort hann mætti hringja í mig næsta dag. Ég hélt hann ætlaði að bjóða mér í bíó en þá var hann að biðja mig að koma norður að syngja með Atlantic kvartettnum. Þannig kynntumst við nú.“

“Egill Ólafsson var að tala um þetta hljóðfæri og segir: Ja, við köllum þetta nú alltaf Helenu-stokk. Ég fann hvernig ég kafroðnaði.“



HLJÓMSVEIT INGIMARS EYDALS Bjarki Tryggvason, Finnur Eydal, Helena Eyjólfsdóttir, Grímur Sigurósson, Arni Ketill Friðriksson og Ingimar Eydal. Búningurinn var stundum nefndur Skæruliðafötin.

Hann hefur séð eitthvað meira í þér en söngkonu, segi ég. „Já, það er fræg setning sem hann sagði við Ingimar bróður sinn þegar hann tjáði honum að hann væri búinn að finna söngkonu og Ingimar spurði hvernig hún væri: „Hún er með gleraugu.“ Ingimar var hins vegar ekki að spyrja um útlitið heldur sönghæfileikana.“

Erfiðasta hlutverkið

Skemmtanabransanum hefur oft fylgt sukk en Helena kveðst alltaf verið reglusöm. „Það var aldrei notað áfengi þegar við vorum að spila, hvorki í hljómsveit Finns né Ingimars. En Finnur ánetjaðist lyfjum, var á tímabilum á því sem í dag er kallað læknaðóp, svefnlyf og verkjalyf. Það var mjög erfitt en við áttum okkar góðu stundir á milli.“

Finnur fékk tvívegis krabbamein,

fyrst undir tungu. „Við reyktum bæði, undir það síðasta reyktum við pípu því sigarettur voru svo dýrar. Mér fannst ægilega gott að reykja pípu,“ segir Helena. „Meinið var fjarlæggt en þetta var erfitt fyrir Finn, því tungan er svo mikilvæg þegar leikið er á blásturshljóðfæri. En það tókst að laga þetta. Svo fékk Finnur krabbamein í ristil, það var tekinn bútur og þá var það búíð. En svo kom nýrnabilunin. Það endaði með því að nýrun hreinlega gáfu sig og hann þurfti að lifa við blóðskilunarvél.“

Helena gerði sér lítið fyrir og lærði á blóðskilunarvél til að geta sinnt Finni og einu herbergi á heimilinu var breytt í sjúkrahúsi. Þannig var það í fjögur ár. „Þetta er erfiðasta hlutverk sem ég hef tekið á við en sé aldrei í lífinu eftir því. Það varð til þess að við þurftum ekki að flytja suður og Finnur gat haldið áfram ▶

Nokkrir atburðir í ævi Helenu



1954

1954 Fyrsta platan kom út þegar Helena var 12 ára, með jólasálmunum Heims um ból og í Betlehem. Hún var tekin upp í Dómkirkjunni og organistinn, Páll Ísólfs-son, lék undir.



1957

Helena kom fram sem dægurlagasöngkona í fyrsta skipti fimmtán ára á rokktonleikum í Austurbæjarbíói með hljómsveit Gunnars Ormslev sem hitaði upp fyrir Tony Crobie og hljómsveit.



1958

Hjá Atlantic kvartett var Helena fyrst ráðin söngkona, þá 16 ára. Kvartettinn spilaði í Alþýðuhúsinu á Akureyri. Áður hafði hún sungið nokkrum sinnum með hljómsveit José Riba.



1959

Íslenskir tónar gáfu út plötu með fjórum metsölulögum frá Evrópu, sungnum af Helenu. Eitt þeirra var Hvítir mávar sem varð gífurlega vinsælt og langlíft.



1961

Helena og Finnur Eydal, klarínnettu- og saxófónleikari, giftu sig eftir þriggja ára samband. Hún var nítján ára og hann tuttugu og eins.



1972

Platan í sól og sumaryl kom út með samnefndu lagi, ásamt Maríu Ísabel, Hoppsa bomm og fleiri sívinsælum lögum. Hún er söluhæsta platan sem Helena hefur sungið inn á til þessa.



1996

Finnur, eiginmaður Helenu lést, en áður hafði hún hjúkrað honum heima í fjögur ár.

► að kenna við Tónlistarskólann á Akureyri, sem hann hafði unun af. Í lokin fékk hann stórt heilablóðfall þar sem hann lá á Landspítalanum, ég rétt náði til hans áður en hann dó. Það var ómetanlegt. Við gerðum alla hluti saman og mér fannst dásamlegt að við værum saman á þessari stundu líka. Nú í nóvember eru sautján ár frá því Finnur lést, 56 ára að aldri. Blessuð sé minning hans.

Ekkert mávapur

En líf Helenu heldur áfram, hún er heilbrigðin uppmáluð og kveðst jákvæð manneskja að eðlisfari. „Það er gott að horfa bara á gullnu skýin,“ segir hún brosandí. „Ég sef vel, jafnvel þótt eitthvað bjáti á, það er ég þakklát fyrir. Ég fer út

að ganga á hverjum einasta degi og reyni að borða hollt. Ég á þrjú börn og elska að knúsa barnabörnin en þau búa bara í Reykjavík og Bandaríkjunum. Það skemmtilegasta sem ég geri er að syngja með mínum gömlu félögum sem ég hitti oft. Í mínum huga eru þeir alltaf strákarnir. Ég var að skrifa vinkonu minni í Svíþjóð tölvupóst um daginn og endaði á að segja. „Jæja, nú verð ég að hætta, því ég er að fara að syngja með strákunum.“ Hún skrifaði um hæl. „Þú meinar auðvitað körlunum.“ Ég var svo móðguð að ég svaraði henni ekki einu sinni.“

Nú er sólódiskur í undirbúningi hjá Helenu. Fyrsti sólódiskurinn á ferlinum. Hún segir þar meðal

annars verða ný lög frá íslenskum höfundum. „Hálfum mánuði áður en Jóhann G. Jóhannsson dó rétti hann útgefandanum mínum umslag með ný lögum sem hann merkti mér. Það finnst mér dásamlegt. Ég tek örugglega eitthvað af þeim.“

Hún ætlar þá sem sagt ekki að taka sín gömlu lög? Nei, það verður ekkert Á skíðum skemmti ég mér eða mávapur, eins og Raggi Bjarna kallar Hvíta máva. „Helena mín, komdu og syngdu hérna með mér mávapur.“

Ekki er hægt að sleppa Helenu án þess að minnst á Helenu-stokkinn fræga, hún er einmitt með hann á bókarkápunni. Skyldi hún ekki ánægð með að hafa

auðgað íslenskuna með því orði? Hún hlær. „Það var alls ekki ég sem gaf stöknum þetta nafn. Ég heyrði það í fyrsta skipti í sjónvarpsþætti með Stuðmönnum þar sem Egill Ólafsson var að tala um þetta hljódfæri og segir: Ja, við köllum þetta nú alltaf Helenu-stokk.“ Ég fann hvernig ég kafroðnaði. Á menningarnótt á Akureyri í lok ágúst var ég að syngja með Retro Stefson, strákum af þriðju kynslóð frá mér. Það var mjög skemmtilegt. Ég valdi lagið María Isabel og tók stökkin með mér. Pallurinn var neðst í gilinu, við Hótel Kea og svakalega öflugt hljóðkerfi, fólkið allt í Gilinu og kirkjutröppunum. Ó, þetta var svo gaman, alveg ógleymanlegt.“

SIEMENS

Siemens uppþvottavélar fá hæstu einkunn þriðja fjórða árið í röð!

www.sminor.is

Sigurgangan heldur áfram! Sænska neytendablaðið Råd & Rön gerði á þessu ári nýja úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK kom best út. Þetta er fjórða árið í röð sem Siemens uppþvottavél hlýtur fyrsta sætið*. Vélin fær topp-einkunn fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri nýjung: zeolite-þurrkun, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtai. Frekari upplýsingar um þessa uppþvottavél er að finna á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

*SN 45M203SK, Råd & Rön, 8. tbl. 2010; SN 45M206SK, Testfakta, 16.9. 2011 (www.testfakta.se); SN 45M205SK, Råd & Rön, 4. tbl. 2012; SN 45M231SK, Råd & Rön, 3. tbl. 2013.

Råd & Rön
HÆSTA EINKUNN

Apríl 2013

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

AR



T
T
hel

S

A

T
helg



the
PIER

RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGID • BADID • HEIMILID

KÖRPU
OUTLET



Útilegu
maðurinn

AX FREE
gi á Korputorgi, 26. – 27. okt.

AX FREE
gi á Korputorgi, 26. – 27. okt.

AX FREE
gi á Korputorgi, 26. – 27. okt.

gæludýr.is



TOYS R US



Tax Free gildir ekki í Bónus og af gæludýrafóðri á Gæludýr.is. Tax Free jafngildir 20,3% afslætti nema annað sé tekið fram. Allar verslanir greiða virðisaukaskatt, en bjóða afslátt sem því nemur.



KORPUTORG



Á HLAUPUM OG Í HÁLOFTUM Hafdís átti frábært síðasta keppnistímabili og stefnir ótrauð á bætingu á komandi tímabili.

MYNDIR/GUNNLAUGUR JÚLISSON OG BJÖRN INGVARSSON

Eitt símtal og úr varð stjarna

Frjálsíþróttakonan **Hafdís Sigurðardóttir** hefur þurft að hafa mikið fyrir afrekum sínum. Henni leist ekki á blikuna og var svo gott sem hætt þegar síminn hringdi hjá sveitastelpunni á sautjándra aldursári. Hungrið hefur fleytt henni í gegnum erfiðar æfingar, óvænt meiðsli og baráttuna við greiðslukortareikninginn. Allt saman vel þess virði þegar maður uppsker á frjálsíþróttavellinum.

Kolbeinn Tumi Daðason

kolbeinntumi@frettabladid.is



Mér fannst rosaalegur heiður að Gísli skyldi hringja í mig og spurja hvort ég ætlaði ekki að koma að æfa. Hann skildi ekkert í því hvar ég var. Ég hafði einhvern veginn misst kjarkinn og þröttinn," segir Hafdís Sigurðardóttir um afdrífarkort símtal haustið 2004.

Frjálsíþróttapjálfarinn Gísli Sigurðsson var þá byrjaður að þjálfra frjálsíþróttafólk á Akureyri. Gísli, sem gert hafði garðinn frægan sem þjálfari tugþrautarkappans Jóns Arnars Magnússonar og hlaupadrottningarinnar Guðrúnar Arnardóttur, vissi af efnilegri íþróttakonu og heyrði í henni hljóði. Óhætt er að segja að eitt símtal getur gert kraftaverk.

Hafdís, sem í dag er Íslandsmeistari í langstökki, var þá tiltölulega nýflutt til Akureyrar frá Tjarnarlandi í Ljósavatnsskarði í Suður-Þingeyjarsýslu þar sem hún er alin upp. Nám í Verkmenntaskólanum var á dagskrá auk þess sem æfa skyldi frjálshar af kappi.

„Ég var svolítið til baka og átti erfitt með að komast inn í hópinn," segir Hafdís sem fékk auk þess beinheimubólgu sem olli henni miklum sársauka.

„Við æfðum tvisvar í viku í sveitinni auk skólaleikfimi," segir Hafdís sem var ekki tilbúin í miklu meira og öðrvísi æfingalag í höfuðstað Norðurlands. Með leiðsögn Gísla og miklum aga tókst henni á tveimur árum að vinna bug á beinheimubólgunni – halda henni niðri að minnsta kosti.

„Ég lyfti mikið og hljóp í vatni til að minnka álagið á fæturna," segir Hafdís sem verður sjaldnast

vör við hana í dag. Beri svo undir veit hún hvernig bregðast á við.

Sunna eins og Usain Bolt

Tvær æfingar í viku þykir ekki mikið hjá efnilegu íþróttafólki sama til hvaða íþróttagreinar er litið. Hafdís lýsir því þannig að hún hafi verið ung en aldrei sú efnilegasta.

„Ég var alltaf í fremstu röð en aldrei súperstjarna. Nú er ég gömul og sæmileg," segir hin 26 ára Hafdís og hlær. Ekki er hægt að taka undir orðavalið enda Hafdís ein af okkar fremstu íþróttakonu. En hún hefur þurft að hafa fyrir hlutunum.

„Ég er ekki endilega fædd í frjálsar heldur hef ég unnið gríðarlega fyrir þessum árangri," segir Hafdís. Bætingin hefur verið nokkuð stöðug á milli ára og toppnum náð síðastliðið sumar, hingað til, þegar Íslandsmeitið í langstökki var staðreynd.

„Ég hef löngt löngunaraugum á þetta met frá því ég var lítil stelpa," segir Hafdís. Meitið var í eigu Skagfirðingsins Sunnu Gestsdóttur sem Hafdís leit mikið upp til.

„Þegar ég keppti við hana fannst mér hún á pari við Usain Bolt. Hún var svo rosalega fljót og sterk," segir Hafdís, sem að mörgu leyti hefur fetað í fótspor Sunnu. Fjölhæfni er þeirra styrkleiki enda er Íslandsmeitið í 100 metra hlaupi enn í eigu Sunnu. Hafdís viðurkennir að hún renni hýru auga til metsins. Fyrst ætli hún sér þó að bæta Íslandsmet Sunnu í langstökki innanhúss. En af hverju ekki að setja allan tímann og orkuna í eina grein?

„Það er svo rosalega gaman að geta gert þetta allt saman. Svo hjálpar auðvitað að hlaupa hratt í atrennunni í langstökki," segir Hafdís, sem hleypur einnig 200 metra og 400 metra. Íslandsmet Guðrúnar Arnardóttur í fyrri greininni er innan seilingar og

engin hljóp 400 metrana hraðar en Hafdís í sumar.

Vildi borða nammi uppi í sófa

Versti óvinur íþróttamannsins eru meiðsli. Þau gera sjaldnast boð á undan sér. Áður var vikið af beinheimubólgu Hafdísar þegar hún var 17 ára. Þá tagnaði hún aftan í læri í langstökki í upphafi sumars árið 2007.

„Það var mikið áfall og ég var frá allt sumarið," segir Hafdís, sem gerði þó órvæntingarfulla tilraun til að keppa á Meistarameitinu í lok sumarsins. Tognunin endurtók sig og fram undan var endurhæfing og sjúkrahjálfun. Aftur varð Hafdís fyrir áfalli í nóvember í fyrri þegar liðþófi í hné gaf sig. Það var gríðarlegt áfall enda hafði hún lagt afar hart að sér og Evrópumótið innanhúss á næsta leiti.

„Ég var á ógeðslega erfiðum æfingum hjá Gísla en ég fann að þetta var að gerast. Allt var léttara en áður og ég gat gert meira en nokkru síni fyrir," segir Hafdís. Áfallið var mikið og segist Hafdís hafa verið rosaalega langt niðri.

„Ég gat ekki farið á æfingu. Hvað átti ég að gera? Liggja uppi í sófa og borða nammi? Mig langaði það kannski en ég gerði það ekki," segir frjálsíþróttakonan. Löngunin og ástríðan hafi verið ofar öllu. Og viti menn. Hafdís mætti á sitt fyrsta mót í janúar, hundsvekt yfir að hafa misst úr mánuð við æfingar en bætti sig engu að síður. Svo fór að hún bætti sig í öllum greinum innanhúss síðastliðinn vetur.

„Ég hafði byggt upp rosaalega vel. Svo kom mjög löng hvíld með engu álagi. Svo byrjaði ég aftur rólega og náði að uppskera. Samt ekki alveg nógu mikið því ég náði ekki lágmarkinu á EM."

Gæti ekki flutt suður

Hafdís hóf nám í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri nú í haust. Flestir hefja háskólanám upp úr

tvítugu en í tilfelli Hafdísar er hún nær þrítugu.

„Ég hef frestað því að fara í skóla þar til núna því ég vildi taka íþróttirnar á annað stig," segir Hafdís. Hún viðurkennir að hún velti mjög oft fyrir sér hvort þær séu þess virði.

„Þegar maður kemst varla upp stigann þegar undirbúningstímabilið er gjörsamlega að drepa mann. Þegar maður langar ekki á æfingu vegna þreytu. Þegar fjárhagsstaðan er svo slæm að þú ræður ekki við hana." Hún er þó fljót til svars hvers vegna hún haldi, þrátt fyrir þetta, áfram.

„Þegar maður nær að uppskera eins og ég gerði í sumar þá er þetta margfalt erfiðisins virði," segir Hafdís. Nú finnst henni hún að vissu leyti vera að forna árangri í frjálsum með því að setjast á skólabekk. Auk þess vinnur hún lítillega með þessu öllu saman. Hver króna skiptir máli.

„Ég hef aldrei fengið neina afreksstyrki frá Íþrótt- eða Frjálsíþróttasambandinu," segir Hafdís. Hennes styrkir komi að norðan og úr sveitinni. Ekki hjálpi landsbyggðarfólkunni sá kostnaður sem til fellur við ferðalög til höfuðborgarinnar að keppa.

„Maður verður stundum móðgður þegar fólkíð að sunnan kemur norður á eitt mót. Svo höldum við annað og spyrjum hvort þau ætli ekki að mæta. Þá er svarið að þau séu búin að koma norður í sumar," segir Hafdís. Á meðan fara félagarnir úr UFA kannski sex ferðir yfir veturinn og sama gildi um sumarið. Við bætast utanlandsferðir sem hefjast með ferð til Reykjavíkur. En gæti hún hugsað sér að flytja suður?

„Ekki séns. Ég kem því ekki í orð hve fegin ég er og hamingjusöm að vera hér. Það eru forréttindi að fá að vera hérna í friði. Ég er í vernduðu og flottu umhverfi og aðstaðan er fín."

→ Skemmtilegar sögur frá viðburðaríkum ferli Hafdísar

FÓR AÐ HÁSKÆLA

Hafdís stökk 6,31 metra á móti norðan heiða snemma síðasta sumar. Íslandsmet í langstökki var staðreynd en met Sunnu Gestsdóttur var 6,30 metrar.

„Þegar ég heyrði töluna og að vindurinn hefði verið löglegur fór ég að háskæla," segir Hafdís. Einn sentimetri er einn sentimetri. Gísli þjálfari sagði henni að taka sig saman í andlitinu og klára keppnina með stæl.

„Ég var búin að setja Íslandsmet og langaði bara að fagna. Sem betur fer missti ég mig ekki því ég bætti meitið frekar í seinasta stökkinu," segir Hafdís og enn streymdu tårin.

„Ég hringdi svo í mömmu og grét enn meira. Það ætlaði enginn að trúa þessu."

EKKI FYRIR HÁSTÖKK OG GRINDAHLAUP

Hafdís æfði fjölmargar greinar á yngri árum en ákvað snemma að hástökk væri ekki fyrir sig.

„Ég lenti einu sinni svo illa á ránni og fór að grenja. Þá ákvað ég að ég skyldi aldrei æfa hástökk. Það var eitthvað sem ég beit í mig. Aldrei aftur," segir Hafdís sem gaf grindahlaupi líka tækifæri. Í eitt skiptið varð hún Íslandsmeistari í greininni þrátt fyrir að finnst grindahlaupið ekki skemmtilegt. Hún gekk því til þjálfarans, Jóns Friðriks Benónýssonar, og tilkynnti að hún væri hætt keppni í greininni við mikla undrun þjálfarans.

„VIÐ HÖFUM TRÚ Á PÉR“

Hinn 10. júní síðastliðið sumar barst Hafdís góður glaðningur. Heiðrún systir hennar hafði staðið fyrir söfnun henni til stuðnings og lögðu á sjöunda tug manna sitt af mörkum. Ávísunin hljóðaði upp á 330 þúsund krónur og skilaboðin þau að fólkíð styddi við bakið á Hafdís á leið hennar á toppinn.

„Þú ert einstök persóna sem og íþróttamaður og vitum að framtíð þín er björt. Hafðu trú á þér og þínum markmiðum. VIÐ höfum trú á þér!"

LÖMBIN KALLA

Hafdís er alin upp á bóndabæ þótt foreldrarinn séu ekki bændur. Það er hins vegar föður-systir hennar og afi sem býr í löngrenninu. Þangað fer Hafdís ár hvert í maí.

„Ég flyt þangað, vaki á nóttunni og tek á móti lömbunum," segir hún. Gísli þjálfari hefur skilning á þörf hennar auk þess sem tímasetningin er ágæt. Keppnistímabilið handan við hornið og tími til að fækka æfingum og hvíla.

„Sauðburðurinn er svo sem ekki mikil hvíld þannig séð. En maður fær góða orku út úr því."

FLUGA Í AUGAÐ

Illu hafði gengið hjá íþróttakonu á móti í Gautaborg á síðasta ári. Fyrir lokagreinina, 400 metra hlaup, var hún að spá í að sleppa greininni. Hún var þjálfaralaus en Gísli taldi hana á það símleiddis að keppa.

Allir bestu hlaupararnir hlupu í sama riðli en á því áttaði Hafdís sig ekki. Hún náði forystu og hafði hana enn í seinni beygjunni þegar hún fékk flugu í augað.

„Ég klára hlaupið og öskra strax upp í stúku að ég hafi fengið flugu í augað," segir Hafdís og uppskar mikinn hlátur nærstadda. Hún hafði miklar áhyggjur af því að hafa stigið á línuna í beygjunni þegar hún átti erfitt með sjón en svo reyndist ekki vera.

„Ég bætti mig um tæplega sekúndu," segir Hafdís, sem bætti tímann aftur síðastliðið sumar – flugulaus.

FERÐIR

LAUGARDAGUR 26. OKTÓBER 2013

Kynningarblað

Ferðalög
Flug, fjallgöngur
Menning
Ljósmyndun
Ísland
Noregur
Hellalíst



„Finnafjörður; ef maður vill vera einn með fjalli. Einn með sjálfum sér, upplifa vind og veður. Myndin er tekin á vegi 85 milli Lónafjarðar og Finnaafjarðar.“
MYND/PÁLL STEFÁNSSON



„Jarðböðin í Mývatnssveit: Heitt vatn, snjór, kuldi og heiður himinn, stundum.“
MYND/PÁLL STEFÁNSSON

Fimm á fórnum vegi

Sumarsólin getur verið svo hörð, þar sem skuggar lokast, sjóndeildarhringurinn hvass. Það er annað með vetrarsólina. Hún er svo mjúk þegar hún kyssir landið. Og himinn og haf renna í þennan grúa bláa sem einkennir veturinn. Þetta er álit **Páls Stefánssonar**, ljósmyndara og ritstjóra Iceland Review, sem er einn víðförlasti Íslendingurinn og þekkir fósturjörðina eins og lófann á sér. Hér nefnir hann fimm áfangastaði sem toga í hann aftur og aftur á vetrum og eru allir í alfaraleið.



„Eyjafjarðarsvæðið: Frá Siglufirði til höfuðborgar hins bjarta norðurs eru bestu skíðabrekkur Lýðveldisins. Punktur.“
MYND/PÁLL STEFÁNSSON



„Það er alltaf hátíðlegt á Þingvöllum, sérstaklega yfir vetrarmánuðina, þegar bara fimm eru á ferð.“
MYND/PÁLL STEFÁNSSON



„Höfuðstaðurinn. Stundum leitar maður langt yfir skammt, en norðurstrandlengja höfuðborgarinnar er frábær. Náttúra á aðra höndina, diskó á hina og oftast þá vinstri.“
MYND/PÁLL STEFÁNSSON



Páll Stefánsson, ljósmyndari og ritstjóri Iceland Review.
MYND/GVA



Þrjú risavaxnir speglar endurvarpa geislum sólarinnar.



Íbúar á aðaltorgi Rjukan sem sólin yljur þrátt fyrir háa fjallgarða.

NORDICPHOTOS/AFF

Spegla sól yfir myrkan bæinn

Hinn 31. október næstkomandi verður hundrað ára gamalli hugmynd hrundið í framkvæmd þegar sólin skín á norska bæinn Rjukan þar sem ekki sér til sólar hálf tónnið. Rjukan er vinsæll ferðamannabær, sérstaklega meðal áhugamanna um ísklifur.

Hár fjallgarður umlykur norska bæinn Rjukan og því sér ekki til sólar þar frá september og fram í mars. Á þessu verður breyting í ár. Í lok mánaðarins verða teknir í notkun þrjú risavaxnir speglar sem munu endurvarpa sólargeislunum á aðaltorg bæjarins. Það verður í fyrsta sinn sem sólin skín á bæinn um vetur og yljur rúmlega þrjú þúsund íbúum hans.

Hugmyndin að sólspeglunum er aldargömul en það var kaup-sýslumaðurinn Sam Eyde, sem fékk þá hugmynd að spegla geislum sólar á starfsmenn sína. Hugmyndinni var ekki komið í framkvæmd á þeim tíma en í stað þess var byggður kláfur til að flytja bæjarbúa á topp fjallsins svo þeir gætu notið sólarinnar að vetri.

Þökk sé nýrri tækni hefur hugmynd Eydes nú orðið að veruleika

og verða speglarnir teknir í notkun 31. október 2013, nákvæmlega 100 árum eftir að hugmyndin birtist upphaflega í bærarblaðinu. Verkefnið kostar um fimm milljónir norskra króna.

Rjukan er í Telemark í Vestfjorddalen, milli Møsvatn og Tinnsjø, en nafn bæjarins er dregið af Rjukanfossi sem er vestan við bæinn. Rjukan var áður mikill iðnaðarbær en hann var stofnað-

ur milli 1905 og 1916 þegar Norsk Hydro hóf saltpétursvinnslu á svæðinu. Rjukanfossinn var virkjaður og það var einmitt Sam Eyde sem fékk þá hugmynd en hann var stofnandi Hydro. Byggt var risastórt orkuver á staðnum sem Þjóðverjar lögðu undir sig í seinni heimstyrjöldinni en Norðmenn sjálfir unnu fjölmörg skemmdarverk á verinu til þess að kleggja á Þjóðverjum. Í dag er orkuverið safn.

Ferðamennska á sér langa sögu í Rjukan. Helst er það Rjukanfossinn sem dregur að, en hann er eitt af kennileitum Noregs. Svæðið þykir henta til skíðaþróttar, fjallgöngu og ísklifurs. Fjöldi frosinna fossa er að finna á svæðinu. Þá er ísklifurtímabilið langt, nær frá nóvember og fram í apríl. Líklegt er að sólspeglarnir muni einnig laða að forvitna ferðamenn í framtíðinni.

Skíðaveisla VITA á Ítalíu

Morgunflug til Verona með Icelandair



Ítalía – eingöngu með VITA

Allir vinsælustu skíðastaðirnir: Selva, Madonna di Campiglio, Val di Fiemme og Paganella. Úrval hótela þar sem hægt er að renna sér á skíðum til og frá hóteli „ski-in/ski-out“.

Verð frá 124.900 kr. *

og 12.500 Vildarpunktur

á mann í tvíbýli með morgunverði á Garni Christiania í Madonna, vikufé 18.-25. janúar.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

* Verð án Vildarpunkta 134.900 kr.

Flugáætlun:
18., og 25. janúar
1., 8., 15. og 22. febrúar



Kvikmyndirnar um Hringadróttinssögu og Hobbitann voru myndaðar á Nýja-Sjálandi. Í Woodlyn Park má gista í húsi sem dregur dóm af húsum Hobbitanna.

Sofið í Hobbitaholu, skipi, lest og flugvél

Eitt furðulegasta hóteli jarðar er að finna á Nýja-Sjálandi. Í Woodlyn Park í Waitomohéaraði má gista í hobbitaholu, um borð í flugvél, lest eða skipi.

Hobbitamótelid er grafið inn í hól og er prýtt hringlaga gluggum og hurðum. Það var byggt tveimur árum eftir að síðasta myndin um Hringadróttinssögu var sýnd og dregur að ótölulegan fjölda ferðamanna.

Gestir geta einnig gisti í The Waitomo Express, lestarvagni frá sjötta áratugnum, og Bristol-fraktflugvél úr Víetnamstríðinu. Flugvélin var gerð upp til að hýsa sex gestum og er hótelið eitt sinnar tegundar í heiminum.

Fjórði möguleikinn er gisting um borð í eftirlitsskipi úr seinni heimsstyrjöldinni. Skipið er 112 fet og kallast The Waitonic.

Vegna sérstöðu sinnar dregur hótelið ekki aðeins að sér næturgesti heldur koma ferðamenn einnig víða að til að skoða herlegheitin.



Sérstæð upplifun er að gista um borð í fraktflugvél.



112 feta eftirlitsskip úr heimsstyrjöldinni síðari hefur gengið í endurnýjun lífdaga í Woodlyn Park.

FÓLK

KYNNINGARBLAD



HÖNNUN Á GLJÚFRASTEINI

Leiðsögn verður um Gljúfrastein á morgun þar sem lögð verður áhersla á húsið sjálft, húsmuni og handverk. Meðal þess sem ber fyrir augu í húsi skáldsins er Eggið, hönnun danska hönnuðarins Arne Jacobsen, veiðstóll Børge Mogensen ásamt Landaparís og Mariúklæði Auðar Sveinsdóttur. Í boði kl. 13, 14, 15 og 16.

NÁMSAÐSTOÐ

Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?

Íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl

Öll skólastig - Reyndir kennarar

Nemendajónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

NÝTT FRÁ DICK CEPEK



TRAIL COUNTRY™

Trail Country er finmynstrað alhliða jeppadekk sem er rásfast og þægilegt í akstri innanbæjar, en býr einnig yfir frábærum aksturseguleikum á vegum úti.

Trail Country er frábært alhliða heilsársdekk fyrir flestar gerðir jeppa og jepplinga.

FUN COUNTRY®

Fun Country var sérstaklega hannað með það í huga að ná fram einstökum aksturseguleikum við erfiðar aðstæður, auk þess að vera bæði hljóðlátt og endingargott við akstur innanbæjar.

Fun Country er ætlað nútíma jeppum sem vilja komast lengra! Dekkið er fánlegt í stærðum frá 32" til 37".

Dick
CEPEK
TIRES & WHEELS

NÝTT!

Trail Country

NÝTT!

Fun Country

Mud Country



Kletthálsi 3
110 Reykjavík
Sími 540 4900
arctictrucks.is



ALSÆL MEÐ FEMARELLE
Soffía finnur mikinn mun á sér eftir að hún fór að nota Femarelle.
MYND/STEFÁN

ALGJÖRT UNDRAEFNI

ICECARE KYNNIR Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa.

Soffía Káradóttir mælir með Femarelle fyrir allar konur sem finna fyrir vanlíðan á breytingaaldri. „Ég ákvað að prófa Femarelle í fyrravetur þegar ég sá umfjöllun í blöðum þar sem önnur kona lýsti ánægu sinni með vör-una. Ég var að byrja á breytingaaldrin-um en vildi ekki nota hormóna. Ég fann fyrir hitakófum, vaknaði upp á nóttunni, fann fyrir fótáóeirð, skapsveiflum og vanlíðan í líkamanum,“ segir Soffía og bætir við að eftir aðeins tíu daga notkun hafi öll einkennin verið horfin.

„Nú sef ég samfelldum svefni, finn ekki fyrir hitakófum eða fótáóeirð og mér líður mun betur. Ég finn fyrir meiri vellíðan og er í mun betra jafnvægi í líkamanum. Með glöðu geði mæli ég því hiklaust með Femarelle við vinkonur mínar og allar konur sem finna fyrir breytingaaldrinum. Ég veit um eina vinkonu mína sem hætti á hormónum

og notar Femarelle í dag. Ég get ekki ímyndað mér hvernig mér líði í dag ef ég hefði ekki kynnst Femarelle, þvílíkt undraefni.“

- Femarelle er öruggur kostur fyrir konur.
- Slær á óþægindi eins og höfuðverk, svefntruflanir, nætursvita, skapsveiflur, óþægindi í liðum og vöðvum.
- Þéttir beinin.
- Hefur ekki áhrif á móðurlíf eða brjóstavef.
- Náttúruleg lausn, inniheldur Tofu-extract og Flaxseed-duft.
- Inniheldur engin hormón eða ísóflavóníða
- Staðfest með rannsóknum síðustu þrettán ár.

FEMARELLE ER EKKI HORMÓN OG INNIHELDUR EKKI ÍSÓFLAVÓNÍÐA



FEMARELLE - ÖRUGGUR KOSTUR
Femarelle fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum og í heilsuhillum stórmarkaða.

UPPLÝSINGAR

www.icecare.is
og Femarelle á Facebook.

Fimm stjörnu ferðafrelsi DETHLEFFS OG SUNLIGHT HÚSBÍLARNIR KOMNIR Í HÚS



SÝNING HELGINA 26-27 OKTÓBER

Opið frá: 12-16 laugardag og 13-16 sunnudag

Frí vetrargeymsla fylgir seldum bílum
Tökum flestar gerðir bíla uppí, ekki bara húsbíla



P. KARLSSON EHF.

Ögurharf 2, 203 Kópavogur, Íceland
Sími: 517 5200 www.pkarlsson.is

FÉKK BÓNORÐ Á AFMÆLISDAGINN

BRÚDKAUP Elna Þórarinsdóttir og Baldvin Albertsson ganga í heilagt hjónaband í dag. Þau urðu bæði sjötug á árinu og hafa verið saman í þrjátíu ár. Leiðir þeirra lágu fyrst saman á fermingarárinu en hjörtun slógu ekki í takt fyrr en á fertugasta aldursári lífsins.

Við Baldvin hættem að vinna í vor og hugsuðum þá með okkur hvort ekki væri gaman að gifta sig úr því við værum bara orðin tvö og allt svo miklu rólegra. Fólki er hætt við að loka sig af við þau viðbrigði að hætta að vinna og mikilvægt að hafa eitthvað fyrir stafni og að stefna að," segir brúðurin Elna Þórarinsdóttir, sem fékk óvænt bónorð í sjötugsafmæli sínu í september.

„Þá fór Baldvin á hnén fyrir framan veislugesti og það um hönd mína, öllum að óvörum. Ég játaðist honum auðvitað strax því okkur hafði alltaf langað að gera þetta og nú var rétti tíminn.“

Fyrstu kynni Elnu og Baldvins var á fermingarárinu í sameiginlegum vinnahópi. Síðan fóru þau hvort í sína áttina.

„Við Baldvin hittumst svo í Þórs-caffé árið sem við urðum fertug, þá bæði fráskilin og komin með börn, en fundum strax hvað við áttum vel saman og urðum fljótt ástfangin. Núna, eftir að við hættem að vinna, finnst mér eins og við höfum kynnst upp á nýtt; við eigum dagana saman í gleði og ró, sem áður fóru í vinnu og daglegt streð," segir Elna og er hamingjusöm með ráðahaginn.

„Mér líður mjög vel með þetta. Ég hef sungið með kirkjukórnum í árafjöld og þykir brúðkaupsathöfnin yndisleg og gott að innsigla ástina, jafnvel þótt

